





ARSRIT

ROCK STAR FLACS ISLAND

1966

**VALIN
EFNI**

VÖNDUÐ SMÍÐ




**VÖLUNDAR
TIMBUR**



**VÖLUNDAR
HURÐIR**



**BÍLSKÚRS
HURÐIR**



**VÖLUNDAR
GLUGGAR**


TIMBURVERZLUNIN VÖLUNDUR HF



Samvinnuþryggingar hafa verið í fararbráð í 40 ár um þvegnæmt og fjölbreyttar tryggingarþjónustu hér á landi.

Starfsemið hófst 1946 og hefur síðna aukist skammt og frá. Þrátt fyrir það hefur verið lítið áhrifa á lífi Íslendinga og lagðri í flum rekstri, sem hefur un skammt fjárfestinga lífi og trúverðingunni. — Markmið félagsins er TRYGGINGAR FYRIR SAMVIRDI og hefur tekið þangað þess átt verið endurgæðir til tryggingatækna. 25 milljónir ársins hafa þannig verið endurgæðir á lífinu þess og um það lagt kapp á að eigna í varnarmálum.

Samvinnuþryggingar munu halda áfram að sinna fyrir lífinu í landinu og hafa framskið til endilíngs í tryggingarþjónu, sem stunda að bestum lífsgæðum þess.



SAMVINNUTRYGGINGAR

ARMÚLA 3 - SÍMI 38506



BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Austurstræti 5 Sími 21200

Opð kl. 10–12 og 1–2.

Laugardaga kl. 10–12.

Austurbæjarútibú Laugav. 114

Opð kl. 10–12, 1–5 og 5–6.30.

Laugardaga kl. 10–12.30.

Háaleitisútibú Ármúla 3

Opð kl. 1–6.30.

Laugardaga kl. 10–12.30.

Miðbæjarútibú Laugavegi 3

Opð kl. 1–6.30.

Laugardaga kl. 10–12.30.

Vesturbæjarútibú Veshúsg. 52

Opð kl. 1–6.30.

Laugardaga kl. 10–12.30.

Melaútibú Sandahóll v/Hagahöfð

Opð kl. 1–6.30.

Laugardaga kl. 10–12.30.

Útibú úti á landi:

STYKKISÍÐLEMI: Kl. 10–12 og 1–4.
Laugardaga kl. 10–12.

BÚÐARÐAL: Kl. 10–12 og 1–4.
Laugardaga kl. 10–12.

BLÖNDUÐSI: Kl. 10–12 og 1–4.
Laugardaga kl. 10–12.

SAUBÁRKAÐRI: Kl. 10–12 og 1–4.
Laugardaga kl. 10–12.

Sóðlegi afgræðla
Bæjalaga kl. 6–7.

AKUREYRI: Kl. 10–12, 1–4 og 6–7.
Laugardaga kl. 11–12.

EGILSSTÖÐUM: Kl. 10–12 og 1–4.
Laugardaga kl. 10–12.

HEIMU, Rang.: Kl. 10–12 og 1–4.
Laugardaga kl. 10–12.

★ Bankinn annast öll innlend bankaviðskipti.


BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1966

EFNI:

	Bls.
<i>Toralf Austin: Skógggræðsla í strandhéruðum Noregs</i>	4
<i>Helgi Hallgrímsson: Íslenskir sáldsveppir</i>	12
<i>Tryggvi Sigtryggsson: Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga</i>	17
<i>Spákerling og skýjaglópar</i>	21
<i>Hrafnhildur Óskarsdóttir: Skógrækt á Íslandi</i>	22
<i>Hákon Bjarnason: Danska Heiðafélagið 100 ára</i>	25
<i>Hákon Bjarnason: B. Frank Heintzleman. Minningar- orð</i>	27
<i>Hákon Bjarnason: Birki í Norður-Skotlandi</i>	28
<i>Hákon Bjarnason: Skrár yfir skógræktargirðingar og gróðursetningu</i>	30
<i>Hákon Bjarnason: Starf Skógræktar ríkisins 1965</i>	39
<i>Snorri Sigurðsson: Störf skógræktarfélaganna 1965</i>	45
<i>Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1965</i>	51
<i>Stjórnir héraðsskógræktarfélaganna og félagatal 1965</i>	55
<i>Reikningar Skógræktarfélags Íslands 1964</i>	56
<i>Reikningar Landgræðslusjóðs 1964</i>	58



ÚTGEFANDI:

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

RÁNARGÓTU 18 - REYKJAVÍK

Sími 18150

RITSTJÓRI:

SNORRI SIGURÐSSON

Gefið út í 5500 eintökum

Prentsmiðjan ODDI hf.

Reykjavík 1966

Skóggræðsla í strandhéruðum Noregs



Toralf Austin.

Í vor, er leið, kom Toralf Austin, skrifstofustjóri í norska landbúnaðarráðuneytinu, til Íslands. Kom hann hingað í boði félagsins Ísland-Noregur til þess að flytja erindi. Fjallaði erindi hans um skóggræðslu í strandhéruðum Noregs og af því að mér þótti það einkar fróðlegt, fór ég þess á leit við hann að mega birta það í íslenskri þýðingu í Ársritinu.

Kemur það nú fyrir sjónir lesenda ritsins, svipað því sem það var flutt, nema hvað felldir hafa verið niður stuttir kaflar.

Toralf Austin hefur yfirumsjón með öllum gróðrarstöðvum Noregs og framkvæmd hinnar miklu skóggræðsluáætlunar, sem lesendur kynnst við lestur erindisins.

I. STUTT YFIRLIT

Í Noregi eru víðlendir skógar, og er talið, að um 600.000 hektarar lands séu vaxnir nytjaskógi. Í Finnlandi og Svíþjóð eru skógarnir miklu víðlendari og koma mörgum sinnum fleiri hektarar skógar á hvern íbúa lands en í Noregi. Í Noregi eru hins vegar feiknamiklir möguleikar á að auka við skóglendið, þar sem skilyrði eru til skógræktar í strandhéruðunum, allt frá Vestur-Ögðum í suðri til Finnmerkur í norðri.

Strandhéruð þessi, sem eru á milli 58. og 70. breiddargráðu, taka yfir um það bil 1300 km strandlengju frá suðri til norðurs. Hér er landið yfirleitt mjög vogskorið og mishæðótt. Rís það frá vestri til austurs, frá ströndu til innhéraða. Fjöldi fjarða skerst inn í landið, og úti fyrir ströndinni er sægur eyja.

Í samanburði við aðra landshluta er lítið um barrskóga í strandhéruðunum. Hins vegar eru þar allmiklir laufskógar, einkum birkiskógar. Skógarnir eru aðallega furuskógar nema í Þrændalögum, en þar er rauðgreni útbreiddast. Einkenni strandhéraðanna eru stór skóglaus svæði, og mörg þeirra eru vel fallin til skógræktar. Fyrir löngu hefur mönnum verið það ljóst, að í þessum landshlutum eru miklir möguleikar fyrir skóggræðslu, bæði á berangri og þar sem birkið vex til lítilla nytja. Fyrir um það bil hundrað árum hófu framsýnir menn gróðursetningu á barrviðum í Vestur-Noregi. Eftir því sem tímar liðu, unnu bæði einstaklingar og stofnanir ötullega að skóggræðslunni, og það svo mjög, að þess sjást víða merki. Smám saman jókst gróðursetningin, einkum eftir að Norska skógræktarfélagið var stofnað árið 1898 (Det norske Skogselskap). Gróðursetningarsvæðin voru að vísu mjög dreifð, og oft voru gróðursettar trjátegundir og kvæmi, sem stóðust ekki hina rysjóttu veðráttu út við ströndina. Þetta, ásamt of stuttu bili milli plantna, leiddi til þess, að gróðursett var í fremur lítil landssvæði, ef miðað er við plöntufjölda. Er áætlað,

H.B.



Skóggræðsla við 70° n. br. í Tromsfylki.

að fram til 1950 hafi verið plantað í um það bil 25.000 hektara lands.

II. SKÓGGRÆDSLÚÆTLUNIN

Eftir 1950 var byrjað á að vinna að skóggræðslu í strandhéruðunum eftir áætlun. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir að taka 360.000 hektara lands til ræktunar á þeim stöðum, þar sem skilyrði væru best. Mælingar hafa sýnt, að víðast í strandhéruðunum er viðurvöxtur meiri

á hverjum hektara lands en á nokkrum öðrum stöðum í Noregi. Þar hefur t.d. árlegur viðarauki mælst 37 teningsmetrar á ha, þar sem best lætur. Samkvæmt viðurvaxtartöflum þeim, sem skógtílaunastöðin í Vestur-Noregi (Vestlandets forstlige forsøksstasjon) hefur sett upp, þá er árlegur meðalvöxtur rauðgrenis allt að 13.4 teningsmetrar á ha við bestu jarðvegsskilyrði (Bonitet I) og 5.4 teningsmetrar, þar sem jarðvegur er ófrjór (Bonitet V).

Um miðbik strandhéraðanna í Þrændalögum

var áætlað að gróðursetja í 30.000 ha lands, en þar eru skilyrði til viðarframleiðslu ekki eins góð og sunnar á ströndinni. Í Norður-Noregi var gert ráð fyrir að gróðursetja í röska 100.000 ha lands. Mikill hluti þess lands er norðan heimskautsbaugs, en jafnvel þar eru allgóð skilyrði til skóggæðslu.

Flatarmál alls þess lands, sem í upphafi var áætlað að gróðursetja í, var samtals 500.000 hektarar á stærð. Mestur hluti þess eða um 90% er í eigu einstaklinga. Landeigendur eru mjög margir og ráða því flestir þeirra yfir litlum jarðeignum. Í áætluninni var gert ráð fyrir, að gróðursetja í 8.300 ha á ári, þannig að lokið yrði að gróðursetja í allt landið að 60 árum liðnum. Til þess að áætlunin stæðist, þurfti því að gróðursetja 33.5 milljónir plantna árlega.

Árleg útgjöld voru áætluð 6.3 millj. norskra króna. Norska ríkið átti að bera mestan kostnað af framkvæmdum eða um 50%, en landeigendur sjálfir áttu að greiða afganginn, annaðhvort með fjárframlögum eða með eigin vinnu.

Um leið og áætlun var gerð fyrir stærri landssvæði, var unnið að áætlunum fyrir hvert einstakt hérað. Með þessu fékkst gott yfirlit um ýmis atriði, t.d. kostnað við skóggæðsluna, árlega gróðursetningu, viðarvöxt o.fl.

Flest héruðin studdu að framgangi áætlunarinnar með fjárframlögum, sem oftast námu 25% af kostnaði. Þannig þurftu landeigendur aðeins að greiða ¼ hluta kostnaðar úr eigin vasa.

Í áætluninni var einnig gert ráð fyrir að efla þyrfti stjórn og umsjón með framkvæmdum. Héruðin vörðu fé til þessa, einkum til að launa menn til eftirlits. Þá lagði norska ríkið fram árlega fjárhæð til hins sama. Í flestum héraðanna voru skipaðar nefndir, sem lögðu á ráðin um ýmis atriði, er snertu framgang áætlunarinnar.

Í framkvæmd komu í ljós mörg erfið vandamál. Norska skógstjórnin sendi því frá sér leiðbeiningar til þeirra aðila, sem sáu um verkstjórn og þurftu að taka faglegar ákvarðanir. Jafnframt þessu var aukin sú leiðbeiningaþjónusta, sem veitt var landeigendum.

ara mála, auk þess sem hann tekur ákvarðanir um ýmis fagleg atriði, sem varða áætlunina.

Í hverju fylki er fylkisskógstjóri og fylkisskógmeistari. Þeir hafa yfirumsjón með framkvæmdum. Á vegum hvers fylkis starfa einnig margir héraðsskógmeistarar, en umráðasvæði hvers þeirra nær oftast yfir eitt eða fleiri sveitarfélög. Í flestum sveitum starfa skógverkstjórar, sem annast nauðsynlegt eftirlit með hinum einstöku áætlunum hvers byggðarlags. Til aðstoðar framangreindum starfsmönnum eru nefndir eða ráð, sem vinna að áætlun fylkisins í heild og innan hvers sveitarfélags. Starfsmenn þessir og ráð bera ábyrgð á stjórn og framkvæmdum. Þeir sjá um framkvæmd verksins, m.a. með leiðbeiningum og útvegum fræs og plantna. Þá annast þeir nauðsynlegt eftirlit, greiðslur á styrkjum o.fl.

Hvað snertir fagleg og tæknileg atriði, þá veitir tilraunastöðin í Vestur-Noregi framangreindum aðilum ágæta aðstoð. Skógtílaunastöð þessi var stofnuð 1916. Verkefni hennar hafa verið og eru, að rannsaka ýmis atriði viðvíkjandi skóggæðslu í strandhéruðunum.

2. Útvegum fræs.

Eitt af hinum mörgu viðfangsefnum við framkvæmd skóggæðslunnar er útvegum fræs. Til þess að ná sem bestum og mestum viðarvexti nægir ekki aðeins að velja réttar trjátegundir heldur einnig heppileg kvæmi. Með viðtækum tilraunum, sem skógtílaunastöðin í Vestur-Noregi hefur gert, hefur þetta tekist með sumar trjátegundir og kvæmi þeirra.

Þær trjátegundir, sem mestar vonir eru bundnar við í strandhéruðunum, eru rauðgreni (*Picea abies*) og sitkagreni (*Picea sitchensis*). Hefur gróðursetning sitkagrenis aukist mjög að undanförunu. Tilraunir og reynsla manna hefur leitt í ljós, að þar sem veður eru hörðust út við ströndina, er sitkagrenið langtum harðgerara en rauðgrenið. Vestanfjalls í Noregi hefur þinur (*Abies alba*) reynst allvel, einkum á stöðum, þar sem ætla má, að rauðgrenið verði fyrir skakkaföllum af völdum fúasvepps (*trametes*). Þininum er sjaldan plantað einum saman, heldur með öðrum trjátegundum, t.d. rauðgreni. Aðrar trjátegundir, sem við væntum góðs af, eru skógarfura (*Pinus silvestris*), douglasgreni (*Pseudotsuga douglasii*) og larki (*Larix*).

Undanfarið hefur hlutfall milli trjátegunda verið þetta:

III. SKIPULAGNING.

Stjórn.

Skógræktarstjóri ræður mestu um stjórn þess-



Skógggræðsla við sumarhúðir í Noregi.

Rauðgreni	um 80%
Sitkagreni	- 14%
Skógarfura	- 2%
Fjalla- og bergfura	- 2%
Aðrar tegundir.....	- 2%

Grenifræ það, sem hentar best vestanfjalls, er fengið frá héruðunum upp af Oslóarfirði og frá Mið-Evrópu. Þinfræið er einnig sótt til Mið Evrópu. Fyrir nyrstu strandhéruðin er rauðgrenifræi safnað í nærliggjandi héruðum innar

í landinu. Erfiðast hefur reynst að afla fræs frá Bresku Columbiu og Alaska. Að undanförmu hafa verið nokkur góð fræár í strandhéruðunum, einkum á 30-40 ára gömlu sitkagreni. Þannig hefur tekist að afla nokkurs fræmagns innanlands, og innan tíðar gera menn sér vonir um að fá svo mikið fræ, að það nægi þörfum okkar.

Fyrir skömmu var byrjað á að koma upp frægörðum. Flestir þeirra eru staðsettir í strandhéruðunum, því að þar er auðveldast að fá

keypt land, sem henta þykir, bæði sakir veðurs og annarra aðstæðna. Á þessum frækrum er stefnt að því að rækta betra fræ af ýmsum trjátegundum, t.d. rauðgreni, sitkagreni. Á þennan hátt verður útvegur fræs öruggari og gæði þess betri, heldur en þess fræs, sem notað hefur verið hingað til.

3. Útvegur plantna.

Að undanfögnu hefur norsku gróðrarstöðvunum vaxið mjög fiskur um hrygg. Til þess að þær geti framleitt nægilegt magn plantna hefur orðið að stækka þær mikið. Í strandhéruðunum eru nú 30 stöðvar. Eru þær samtals 200 hektarar að flatarmáli og í þeim er landrými, þar sem hægt er að framleiða 50 milljónir trjáplantna. Aðeins tvær af þessum stöðvum eru í eign norska ríkisins. Flestar hinna eru eign fylkisskógræktarfélaganna. Engu að síður leggur ríkið fé af mörkum til reksturs stöðvanna og oft hleypur það undir bagga með félögunum, t.d. þegar stöðvarnar eru reknar með halla, en það kemur stundum fyrir, þegar illa árar. Mörg félöganna hafa gert samning við einstaklinga í sambandi við plöntuuppeldið. Hann er þannig, að jarðeigendur eða einstaklingar kaupa fræbedsplöntur af gróðrarstöðvunum og ala þær upp sjálfir, þar til þær hafa náð þeim vexti, að þær eru hæfar til gróðursetningar. Þessu fylgja margir kostir, t.d. minni flutningur á plöntum, lítill kostnaður vegna illgresiseyðingar o.fl. Einnig er beinn ávinningur af þessu fyrir þann, sem tekur að sér plöntuuppeldið.

Fyrr var lögð á það áhersla, að gróðursetja plöntur þétt, þannig að bil milli þeirra var ekki yfir metri. Allt að 10.000 plöntur voru gróðursettar í hvern hektara lands. Nú er farið að gróðursetja miklu gisnara, þannig að um 3.500 plöntur fara í hvern ha. Hinar nýju leiðbeiningar mæla svo fyrir, að notaðar séu að jafnaði 2.000 til 4.000 plöntur á hektarann, allt eftir því, hvaða tegundir eru gróðursettar og hvernig jarðvegur er.

4. Útgjöld vegna skógræðsluáætlunar.

Flestir þeirra 50.000 jarðeigenda, sem í strandhéruðunum búa, hafa ekki bolmagn til að standa undir útgjöldum í sambandi við skógræðsluna. Kostnaður á hvern ha lands er nú um 1.000,00 norskar krónur, enda þótt leitast sé við að stilla öllum kostnaði í hóf.

Til þess að styðja við bakið á jarðeigendum, borgar hið opinbera 65% útgjalda í syðri strandhéruðunum og 75% í þeim nyrðri. Mörg sveitarfélöganna veita fé til hins sama, þannig að jarðeigendur þurfa oft ekki að greiða nema 25% af öllum kostnaði, og þá annaðhvort í peningum eða með eigin vinnu. Þegar jarðeigendur sjá sér ekki fært að vinna verkin sjálfir, þá sjá vinnuflokkar um framkvæmdir. Vinnuflokkar þessir eru undir stjórn héraðsskógræktarmeistara eða skógværkjörora og í hverjum flokki er verkstjóri, sem ber ábyrgð á því, sem unnið er. Flest verk eru unnin í ákvæðisvinnu. Reynslan sýnir, að þetta fyrirkomulag er mun heppilegra en tíma- eða daglaunavinna.

IV. ÁRANGUR FYRSTU 15 ÁRA (1950-64)

Árið 1950, þegar sú ákvörðun var tekin að hrinda skógræðsluáætluninni í framkvæmd, voru allar aðstæður hinar ákjósanlegustu. Árangur af áætluninni kom furðu fljótt í ljós, eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir, en á því sést, hve miklu hefur verið plantað fyrstu fimmtán árin.

Gróðursetning.

Ár	Millj. plantna
1950	11.0
1952	19.6
1954	29.0
1956	37.1
1958	37.7
1960	42.3
1962	45.7
1964	48.7
1965	46.0

Á síðari árum hefur verið að því stefnt að hafa lengra bil milli plantna, þegar gróðursett er, en áður tíðkaðist. Land það, sem gróðursetningin nær yfir, er því stærra að flatarmáli en áður.

Yfirlitið sýnir stærð þess lands, sem gróðursett var í á árunum 1950-1964.

Ár	Hektarar
1950	2.300
1952	4.000
1954	6.500
1956	9.500



1958	11.000
1960	12.000
1962	14.600
1964	16.100

Árið 1955 náði gróðursetningin 8.200 hekturum og nálgadist þann hektarafjölda, sem gert var ráð fyrir að gróðursetja í árlega samkvæmt áætluninni. Undanfarið hefur áætlunin staðist og sums staðar unnið meira en gert var ráð fyrir í upphafi, einkum í Norður-Noregi. Fyrstu 10 árin fór gróðursetningin 10% fram úr áætlun og síðustu 5 árin var gróðursett 33% stærra landssvæði en ákveðið var í upphafi. Alls var á þessu tímabili gróðursett í 135.000 ha. Áhersla var lögð á að vanda öll verk, og á hverju ári fylgjast eftirlitsmenn vandlega með öllum framkvæmdum. Þetta hefur orðið til þess, að árangur við gróðursetningu er miklu betri en áður. Sama er að segja um hirðingu plantna. Víðast hvar í strandhéruðunum er mikið um illgresi og nái það að vaxa upp, er ungvíðinu hætt. Nú er illgresinu eytt með ýmsum eiturefnum.

Rannsóknir og athuganir, sem gerðar voru árið 1965, sýndu, að vel hefur tekist með gróðursetningu plantna síðustu 15 árin, og að þær aðferðir, sem notaðar hafa verið við plöntunina, fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru um framkvæmd hennar.

V. SKÓGGRÆÐSLUÁÆTLUNINNI HRAÐAÐ

Árið 1965 lagði norska landbúnaðarráðuneytið fyrir stórþingið frumvarp, sem fjallaði um skógggræðslu í strandhéruðunum. Vegna hins ágæta árangurs, sem náðst hafði, gerði ráðuneytið það að tillögu sinni, að skógggræðslan yrði framkvæmd á 25 árum í stað 45 eins og ákveðið var í fyrstu.

Í frumvarpinu var einnig gert ráð fyrir, að land það, sem tekið væri undir skógggræðslu í Norður-Noregi, yrði um 50.000 hekturum stærra en í fyrri áætluninni. Í hinni nýju áætlun er land það, sem eftir er að gróðursetja í, talið vera röskir 400.000 hektarar að flatarmáli. Árleg gróðursetning tekur því yfir 16.200 ha lands,



Sitkagreniskógur á Hörðalandi, vaxinn upp eftir vel heppnaða gróðursetningu.

sem er um tvisvar sinnum stærra landssvæði en áður var áætlað.

Til að ná þessu marki er m.a. nauðsynlegt að ganga til samstarfs við þá landeigendur, sem hafa ekki byrjað á skóggræðslu á jörðum sínum. Upplýsingar eru um það, að þriðjungur allra jarðeigenda hafa ekki hafist handa. Í frumvarpi sínu til Stórþingsins lagði ráðuneytið ríka áherslu á eftirfarandi: að efld yrði öll stjórn við skóggræðsluna, grísjun yrði aukin og hagræðing við flutning timburs, og síðast en ekki síst yrðu auknar rannsóknir í þágu skóggræðslunnar. Þá var einnig bent á þá nauðsyn, að auka þyrfti upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustuna. Hvorttveggja hefur mikla þýðingu fyrir framgang skóggræðslunnar, því að hún byggist að miklu leyti á framtaki einstaklinga, án fyrirskipana eða hafta. Það væri á valdi hvers og eins jarðeiganda, hvort hann vildi taka þátt í þessu þjóðþrífasterfi eða ekki.

Með því að efla upplýsinga- og leiðbeiningastarfið, gera menn sér vonir um að fá fleiri jarðeigendur til samstarfs. Þjónustu þessa annast

starfsmenn skógaeftirlitsins og njóta þeir aðstoðar norska skógræktarfélagsins (Det norske Skogselskap) og félags norskra skógareigenda (Norges Skogeierforbund).

Einn liður í fræðslunni er svokallaðar skógarferðir, en með þeim er jarðeigendum gefinn kostur á að kynna sér skógastörf. Í sambandi við þær eru haldnir fyrirlestrar og sýndar fræðslukvikmyndir. Þá fá jarðeigendur í hendur fræðslubæklinga, tímarit og blöð. Reynslan hefur sýnt, að bestur árangur næst með því að starfsmenn skógstjórnarinnar heimsæki jarðeigendur og kynnist þannig aðstæðum á hverjum stað. Á þetta er lögð meiri áhersla en áður.

Með auknum framlögum frá ríki og sveitarfélögum er jarðeigendum gert kleift að ráðast í framkvæmdir. Suma jarðeigendur skortir fé og vinnuafli, og þeir eiga því í miklum erfiðleikum með að hefjast handa. Því verður sú skipan gerð, að þeir eigi kost á hagkvæmum lánum. Lán þessi munu að líkindum verða veitt af norska landbúnaðarbankanum (Statens Landbruksbank), en hann var stofnaður árið 1965.

VI. ÞÝÐING SKÓGGRÆÐSLUNNAR

1. Fyrir jarðeigendur.

Mörgum smábýlanna í Noregi er ekki lengur hægt að halda byggðum. Búskapur þeirra svarar ekki kostnaði, einkum þar sem ekki eru tök á að koma vélum að við búreksturinn. Á hvert fara rösklega 4.000 býli í eyði.

Í strandhéruðunum er búið að leggja niður búskap á fjölda jarða og enn fleiri fylgja á eftir. Allflestir þeirra jarðeigenda, sem sjá sér hag í skógggræðslunni, búa á smábýlum. Menn gera sér vonir um, að aukin viðarframleiðsla stuðli meðal annars að því að mörg smábýli haldist í byggð.

Vegna hinna ríflegu fjárframlaga ríkis og sveitarfélaga, er jarðeigendum þeim, sem vinna sjálfir að skógggræðslunni, gert kleift að afla sér viðunandi tekna. Að vísu eru þær ekki miklar, en engu að síður gera þær bændum lífvænt að búa á jörðum sínum. Sums staðar hefur skógggræðslan ýtt undir byggingu verksmiðja, sem nýta þann trjávið, sem fellur, þegar birkiskógurinn er grisjaður. Sala birkiviðar er sums staðar mikil stoð fyrir jarðeigendur, því að með henni afla þeir sér tekna, einkum þegar þeir fella viðinn sjálfir og koma honum á markað. En þess er auðvitað langt að bíða, að skógggræðslan skili fullum arði, þegar barrskógarnir verða felldir.

2. Fyrir þjóðfélagið.

Áætlað er, að 2.3 milljónir teningsmetra viðar fáiast árlega af þeim 550.000 hekturum lands, sem lagðir eru undir skógggræðsluna. Þetta þýðir, að viðarframleiðslan eykst um 20%. Mestur hluti þessa viðar fer til vinnslu í verksmiðjum, en trjávinnsluiðnaðinn hefur skort hráefni að undanfögnu. Augljóst er, að trjávinnsluiðnaðinn má ekki skorta hráefni, þar sem hann aflar þjóðinni 20% af öllum gjaldeyristekjum hennar.

Á margvíslegan annan hátt hefur aukin viðarframleiðsla mikla þýðingu fyrir þjóðarbúið, einkum þegar fram í sækir.

ÁGRIP

Í Vestur-Noregi eru skilyrði til skógggræðslu með ágætum. Hafin var gróðursetning barrviða

fyrir um það bil öld síðan, en fram til ársins 1950 var ekki lokið við gróðursetningu í 25.000 ha lands.

Árið 1950 var hafin skógggræðsluáætlun fyrir strandhéruðin vestanfjalls í Noregi. Flatarmál þess lands, sem í fyrstu var áætlað að gróðursetja í, er um 500.000 hektarar að stærð. Átti gróðursetningu að vera lokið að 60 árum liðnum.

Lögð var rík áhersla á, að áætlun þessi næði fram að ganga. Skógræktarstjóri hefur æðstu stjórn með framkvæmdum, en í hverju fylki vinna einnig að skógggræðslunni starfsmenn fylkisskógræktarinnar og í hinum ýmsu sveitarfélögum héraðsskógmeistarar og skógverkstjórar.

Lögð var mest áhersla á gróðursetningu rauðgrenis. Að undanfögnu hefur skipting milli trjátegunda verið þessi:

Rauðgreni	80%
Sitkagreni	14%
Skógarfura	2%
Fjalla- og bergfura	2%
Aðrar tegundir	2%

Ríkið ver miklu fé til skógggræðslunnar og nemur það 65-70% kostnaðar. Flest sveitarfélaganna láta einnig fé af hendi rakna til skógggræðslunnar.

Eftir 1950 hefur skógggræðslunni vaxið mjög fiskur um hrygg. Lokið er við að gróðursetja í 135.000 hektara lands og síðustu 5 árin er búið að gróðursetja í 35% stærra landssvæði en gert var ráð fyrir í upphafi. Stefnt er að því, að skógggræðslunni ljúki að 25 árum liðnum og gróðursett sé í 16.200 ha lands árlega.

Útlit er fyrir, að takast megi að ljúka framkvæmdum hinnar nýju skógggræðsluáætlunar á tilsettum tíma.

Skógggræðslan mun hafa mikla þýðingu fyrir búskap manna í strandhéruðunum vestanfjalls, einkum þegar fram í sækir.

Einnig er þjóðarbúskapnum mikill hagur að skógggræðslunni. Áætlað er, að hún muni auka viðarframleiðsluna um 2.3 milljónir teningsmetra á ári hverju, um 20%, sé miðað við núverandi viðarvöxt barrskóganna.

Sn. Sig. þýddi.

Íslenskir sáldsveppir

Polyporaceae

Sáldsveppir eða *Polyporales* (*Polyporaceae*) nefnist allstór flokkur sveppa, sem tilheyra basíðusveppum. Sveppir þessir hafa flestir myndarleg sveppaldin, á borð við blaðsveppi, en eru annars gerólikir blaðsveppum að allri gerð. Aldin sáldsveppanna eru seig og leðurkennd, og stundum jafnvel líkari tré eða steini en venjulegu sveppholdi.

Aðeins örfáar tegundir sáldsveppa hafa reglulegan hatt og staf, oftar eru þær staflausar og hatturinn meira eða minna óreglulegur. Er þetta í fullu samræmi við lifnaðarhætti þeirra, en þeir vaxa oft á stofnum eða greinum lifandi trjáa. Eru þeir þá oftast að lögun sem hálf hálfkúla, og minna mest á hóf eða skel (sjá mynd 1). Á milli þessarar lögunar og hinnar reglulegu hattlögunar eru til öll millistig, sem geta jafnvel komið fram á einni og sömu tegundinni.

Vegna hinnar leðurkenndu gerðar sáldsveppanna eru aldin þeirra endingarbetri en flestra annarra sveppa, og má því finna þá á öllum árstímum. Raunar eru aldinin stundum margær, og bætist þá við þau nýtt lag á hverju sumri, svo að fram koma árhringar í sveppnum.

Neðan á hatti sáldsveppanna má oftast greina fjöldann allan af örsmáum götum, svo að yfirborðið lítur út ekki ósvipað sáldi, og er þaðan dregið nafn sveppanna. Þessi göt eru raunar opin á örmjóum holum eða pípum, sem liggja hlið við hlið, oft í sérstöku lagi, sældunni, neðan á hattinum. Í holum þessum eða pípum myndast gróin og falla niður um opin, þegar þau eru fullþroska. Þess vegna eru pípurnar ávallt lóðréttar, hvernig svo sem sveppurinn vex.

Sáldsveppirnir minna að þessu leyti á pípusveppina (*Bolletales*), enda tíðkaðist löngum að telja þá til sama flokks. Nú eru hins vegar flestir á þeirri skoðun, að þarna sé ekki um náinn skyldleika að ræða, enda þótt þessir tveir sveppaflokkar hafi þróast á svipaðan hátt. Slík samstefnuþróun (*konvergenz*) er algengt fyrirbrigði í lífríkinu, og hefur af eðlilegum ástæðum oft villt mönnum sýn um hinn raunverulega skyld-

leika. Raunar bendir ýmislegt til þess, að sáldsveppirnir séu heldur engin raunveruleg skyldleikaheild, en rannsóknir á þessu eru enn í deigluinni og því ekki tímabært að ræða það mál hér.

Sáldsveppirnir eru nær undantekningarlaust bundnir við tré og skóglendi og vaxa á alls konar viði, bæði dauðum og lifandi. Nærast þeir á viðarefninu, bæði sellulósa og tréni, og valda því fúa í viðnum. Eru margir þeirra hættulegir fúasveppir, einkum þeir, sem vaxa á lifandi trjám. Sjaldan valda þeir þó bráðum dauða trésins, heldur feyskja þeir viðinn innan frá, svo að hann verður ónothæfur. Sumar tegundir sáldsveppa eru sérhæfðar í vali trjátegunda, og lifa jafnvel aðeins á einni tegund, en aðrar geta þróast á mörgum tegundum trjáa og runna, dauðum eða lifandi.

Víða um lönd valda sáldsveppirnir ómetanlegu tjóni. Hér á landi er þetta tjón eðlilega lítið, þar sem timburframleiðsla er hér engin. Hins vegar má búast við, að þetta vandamál komi til sögunnar hér sem annars staðar, þegar þar kemur, að hér fara að vaxa nytjaskógar. Er þá nauðsynlegt að vita deili á helstu tegundunum og vera á verði gegn innflutningi nýrra tegunda.

Borið saman við nágrannalöndin á meginlandi Evrópu, er íslenska sáldsveppaflóran fremur fáskrúðug, sem kemur fyrst og fremst til af því, hve hér vaxa fáar tegundir trjáa. Með áframhaldandi innflutningi trjátegunda má hins vegar búast við því, að nýjar bætist í hópinn.

Samkvæmt gamalli venju eru allir sáldsveppir taldir til eins kyns (ættkvíslar), sem nefnist á fræðimáli *Polyporus*. Á síðari tímum hefur hins vegar mjög gætt þeirrar tilhneigingar, að skipta þessu gamla kyni niður í önnur smærri kyn, í samræmi við það sem menn álíta um hinn raunverulega skyldleika þessara sveppa. Oft er þessi skipting þó byggð á smásæjum einkennum og eykur því aðeins vandann, er til þess kemur að þekkja sveppina. Þegar þar við bætist, að fræðimenn eru ekki á eitt sáttir um skiptinguna, svo að næstum má segja, að hver hafi sitt kerfi, þá

finnst mér heppilegra að láta þessa nýju skiptingu liggja milli hluta og nota heldur gamla mátann að telja allt til eins kyns, *Polyporus*, í víðustu merkingu.

Það, sem hér hefur verið sagt um kynskiptinguna, gildir einnig að nokkru leyti um skiptinguna í tegundir. Mörgum hinna góðu og gildu tegunda, sem flestar eru kenndar við Elias Fries, sænskan grasfræðing, hefur nú verið skipt í smærri eindir, sem sumir kalla tegundir.

Þessi skipting má skoðast sem leikur fræðimanna, en hefur lítið praktískt gildi, verður því lítið tillit tekið til hennar hér.

Engin íslensk nöfn eru til á sáldsveppunum, og eru þau, sem hér birtast, nýnefni höfundar og mega fremur skoðast sem tillögur en endanlegar niðurstöður í því efni.

Íslensku sáldsveppategundirnar má aðgreina á eftirfarandi hátt:

- A. Sveppurinn með meira eða minna reglulegum hatti og staf. Vaxa á jarðvegi eða sprellum.
 - a. Vex á jarðvegi, við trjárætur eða á stubbum. Allstór tegund. Stafurinn dökkbrúnn eða svartur neðan til... *P. varius*.
 - b. Vex á fúasprellum í skógsverði. Meðalstór tegund... *P. brumalis*.
 - c. Vex eingöngu á jarðvegi, utan skógar. Smávaxin tegund... *P. perennis*.
- B. Hatturinn óreglulegur, hóflaga eða skellaga. Stafur oftast ógreinilegur eða vantar alveg. Vaxa oftast á trjástofnum og á stubbum.
 - a. Sveppurinn harður, trékenndur, sáldlagið (sældan) brúnt... *P. ignarius*.
 - b. Sveppurinn leðurkenndur. Skellaga. Efra borðið hætt... *P. hirsutus*.
 - c. Sveppurinn oftast linur, ostkenndur, hvítur eða gulgrár, hárlaus... *P. betulinus*.

1. *Polyporus ignarius* L. (*Tundursælda*).
(Samnefni: *Fomes ignarius* (L.) Gill).

Vex á lifandi trjá. Aldinið í fyrstu skorpulaga eða púðalaga, ryðbrúnt, án greinilegra gata. Verður síðar oftast hóflaga, með grásvörtu, glerhörðu efra borði, en neðra borðið verður áfram brúnt með hárfínum götum. Allur er sveppurinn trékenndur og harður viðkomu. Aldinið margært, og bætist jafnan við nýtt sældulag neðan á sveppinn á hverju sumri, en við það koma áhringir á efra borðið, og eru lögin því



Mynd 1. *Strýsælda* (*Polyporus hirsutus*) í Vaglakógi 1962. - Ljósm.: H. H.

dekkri sem þau eru eldri og fá jafnframt í sig geislalægar sprungur. Ef sveppurinn vex neðan á trjágrein eða stofni, sem hallast, verður sveppurinn jafnan púðalaga og fær ekki hið svarta efra borð, sem hér er getið.

Erlendis verður þessi sveppur oft áratuga gamall og þá stór að sama skapi, jafnvel mörg kíló að þyngd. Hann er náskyldur hinum eiginlega tundursvepp (*Fomes fomentarius*), en hold hans var áður notað sem tundur til að kveikja eld, og var sveppurinn mjög eftirsóttur af þeim sökum.

Báðir eru sveppir þessir hættulegir fúasveppir og valda miklu tjóni, einkum í beykiskógum. Er þess dæmi, að stór skógarsvæði hafa eyðilagst af þessum sökum.

Hér á landi fannst þessi tegund fyrst í Hallormsstaðaskógi sumarið 1962, á gömlu, hálfhúnu birkitré. Braust hann allvíða fram í gegnum bork trésins, víðast hvar púðalaga, en sums staðar reglulega hóflaga.

Þá hefur hann fundist í Vaglaskógi, en óx þar á fallinni grein og voru öll eintökin púðalaga.

Ef dæma skal eftir Hallormsstaðafundinum, virðist mega gera ráð fyrir, að sveppur þessi geti valdið fúa í gömlum birkitrjám. Á þessum sama stað óx þó einnig hunangssveppur, *Armillaria mellea*, og verður ekki með vissu sagt, hvor þeirra hefur mátt sín meira í þessu gamla birkitré.

Eftir heimildum frá Skandinavíu veldur tundursældan oft miklum skaða á hvítbirki, og er ekki ósennilegt, að hið sama eigi sér stað hér, enda þótt það komi lítið fram, vegna þess hve birkið er lítið nýtið sem smíðaviður.

(Nafngreining þessa svepps er ekki örugg, og hugsanlega gæti hér verið um að ræða aðrar skyldar tegundir, svo sem *P. ferruginosus* Schrad. ex. Fr.)

2. *Polyporus hirsutus* Fr.. (Strýsælda, fnjóksveppur).

(Samnefni: *Polystictus hirsutus* Quel., *Trametes hirsuta* (Wulf ex. Fr.) Pilat, *Coriolus hirsutus* (Wulf ex. Quel.)

Sveppurinn skellaga eða hálfmáanalaga, fremur þunnur, leðurkenndur, að ofan grár eða grábrúnn, þéttærður með reglulegum sammiðja rákum eða beltum, og eru innstu beltin oftast dekkst, en smálýsast, er utar dregur og beltin verða yngri, því að sveppaldinið er margært og bætist við nýtt lag eða belti á hverju ári. Sældan hvít eða ljósgul með um 1 mm breiðum, kringlóttum eða dálítið köntuðum götum. Vex á lifandi trjám eða stubbum, og vaxa oft mörg aldin hvert yfir öðru (þaklaga) á trjábolnum, og renna þó saman innst, þar sem þau eru fest við tréð. Oft er allmikið af þörungum á gömlum sveppum, og gera þeir hann grænan, einkum í bleytu.

Strýsældan vex hér einkum á stubbum eftir högginn birkitré, og þekur slíka stubba stundum algerlega að ofan og á hliðunum. Stundum sést sveppurinn einnig á brotnum greinum í skógsverðinum, og jafnvel neðan til á bol lifandi trjáa. Slík tré eru þá jafnan mjög fúin orðin og eiga sjaldan langt eftir, enda brotna þau oft í hvassviðrum (sjá mynd 2).

Hvort sveppurinn er upprunalega valdur að fúanum í þessum trjám, eða kemur þar sem staðgengill á eftir öðrum fúasveppum, er enn ekki vitað, en oftast virðast vera fleiri sveppir

í spilinu, svo sem hunangssveppur (*Armillaria mellea*) og bjólfsveppur (*Stereum*).

Erlendar heimildir telja strýsælduna geta orsakað hvítfeysku í lauftrjám og því ekki ósennilegt, að hið sama eigi sér stað hér.

Strýsældan er nú langsamlega algengasti sáld-sveppurinn hér á landi og hefur fundist svo til alls staðar á landinu, þar sem birkiskógar vaxa. Það vekur því nokkra furðu, að í sveppaskrá Larsens (1932) er sveppsins aðeins getið frá einum stað á landinu (Egilsstöðum) og Christiansen (1935) getur sveppsins alls ekki. Verður þetta vart skilið öðruvísi en svo, að sveppurinn hafi til muna breiðst út og færst í aukana á síðustu áratugunum. Hvort sveppurinn er upprunalegur í landinu eða innfluttur á seinni árum er hins vegar erfitt að segja um, en þessi niðurstaða bendir frekar til hins síðara. Má geta þess, að sveppurinn hefur ekki fundist á Grænlandi, þar sem eru þó birkiskógar af svipaðri gerð og hér.

Strýsældan er mjög breytileg tegund hér á landi, en varla mun þó ástæða til að skipta henni niður í smærri tegundir.

3. *Polyporus betulinus* (Bull. ex. Fr.) (Birkisælda).

(Samnefni: *Piptoporus betulinus* (Bull. ex. Fr.) Karst.)

Sveppurinn hóflaga eða tungulaga, jafnvel skellaga og mjókkar venjulega eða dregst saman, þar sem hann er fastur við tréð. Í fyrstu er sveppurinn hvítur eða gulleitur, mjög linur og vatnsmikill, en þornar síðan upp og verður harður eða seigur. Í þurrki skorpnar hann oft saman. Sældan er hvít með mjóum götum, auðlosuð frá hattinum. Oft er sýrukennd lykt af sveppnum.

Eins og nafnið bendir til er sveppur þessi einkanlega bundinn við birkið, enda finnst hann varla á öðrum trjám. Er hann algengur um alla norðanverða Evrópu og í Mið-Evrópu er hann víða. Hér vex sveppurinn, að því er virðist, eingöngu á dauðum, hálfnúnum birkigreinum, sem liggja í skógsverðinum, einkum þar sem vel er rakt. Oft er sveppurinn meira eða minna falinn í laufþekjunni, og þar að auki oftast lítill vexti og vesaldarlegur. Er hann af þessum sökum fremur lítið áberandi.

Erlendis vex birkisældan oft á lifandi trjám, og gerir þar víða skaða á birkinu, enda verður

hann þar mun stórvaxnari. Þessi mismunur á vaxtarstöðum og formi gætu ef til vill bent til þess að um sérstakt afbrigði eða deilitegund væri að ræða hér, en allt er það mál þó ókannað.

Birkisældunna er ekki getið í neinum heimildum frá Íslandi, og mun því fyrst hafa fundist af höfundi í Vaglaskógi sumarið 1961. Síðan hefur birkisældan fundist í öðrum skógum í Fnjóskadal og Dalsmynni, en hvergi utan þess svæðis.

4. *Polyporus varius* Fr. (*Breytisælda*).

(Samnefni: *Polyporellus varius* (Fr.) Karst.,

Melanopus varius (Fr.) Karst.)

Sveppurinn oftast með hatt og staf, en hvortveggja getur verið meira eða minna óreglulegt, einkum ef sveppurinn vex á stubbum. Verður hann þá oft næstum staflaus og hatturinn hliðstæður. Allstórvaxin tegund. Hatturinn 5-12 cm í þvermál, grábrúnn eða gulbrúnn með dekkri flösum eða blettum, hárlaus, með öldóttu barði, flatur eða dálítið dældaður. Sáldlagið gráhvítt, vex langt niður á stafinn, en fyrir neðan það er stafurinn svartbrúnn, fínlóhærður. Vex við trjástofna, á stubbum og jafnvel á jarðvegi, nálægt trjám.

Sveppsins er fyrst getið hér af Christiansen, 1935, frá Reykjahlíð við Mývatn. Síðan hefur hann fundist á Vöglum og Hallormsstað. Hann vex oftast á stubbum, en hefur einnig fundist við lifandi tré og gæti það bent til skaðsemi hans. Að öllum jafnaði mun hann þó vera meinlaus.

Í Evrópu vaxa nokkrar tegundir, sem eru náskyldar þessari og verða oft ekki aðgreindar með vissu. Hvort einhverjar þessara tegunda finnast hér, eða hvort íslensku eintökin yrðu réttilegar talin til einhverra þeirra, get ég ekki sagt um að svo komnu máli.

Íslensku eintökin eru vissulega mjög breytileg og því ekki ósennilegt, að þeim verði síðar skipt niður á fleiri tegundir. Að sinni verður þó að líta á *P. varius* sem safntegund, er taki yfir allar þessar náskyldu tegundir, eins og raunar oft er gert.

5. *Polyporus brumalis* Fr. (*Vetursælda*).

(Samnefni: *Polyporellus brumalis* (Fr.) Karst.)

Sveppurinn skiptur í reglulegan hatt og staf.

Hatturinn 2-6 cm í þvermál, í fyrstu gulbrúnn



Mynd 2. *Strýsælda* (*Polyporus hirsutus*) á birkistofnum, sem brotnuðu í stormi í júní 1962, í Vaglaskógi. Myndin tekin í ágúst sama ár. - Ljósm.: H. H.

eða ljósbrúnn, en síðar dökkbrúnn, með fingerðum burstahárum (stundum nærri hárlaus), hvelfdur, leðurkenndur. Sáldlagið hvítt eða gulhvítt, stundum brúnleitt, með allt að 0,5 mm víðum pípum. Stafurinn oftast með svipuðum lit og hatturinn, eða ljósari. Lykt og bragð óverulegt. Vex á alls konar fúnum sprekum og greinum í skógsverðinum, en aldrei á lifandi trjám. Finnst á öllum árstímum, og er það orsök til nafnsins.

Sveppsins er fyrst getið hér af Rostrup (1903) og talinn fundinn í Vagla- og Hálsskógum. Larsen (1932) bætir við Hallormsstað, og loks getur Christiansen (1941) hans frá Vaglaskógi. Ég hef fundið sveppinn í flestum skógum í Suður-Þingeyjarsýslu og sömuleiðis í nýplöntuðum skógum við Eyjafjörð, en hvergi utan þess svæðis. Algengastur er sveppurinn í Háls- og Vaglaskógum, og má heita mjög algengur þar. Í hinum skógunum er lítið af hon-

um. Ég hef leitað hans í Hallormsstaðaskógi, en ekki fundið hann þar. Verður því áðurnefndur fundur Larsens að teljast vafasamur. Skaða mun sveppurinn ekki gera, en líklega nokkurt gagn, með því að flýta fúnun sprekkanna.

6. *Polyporus perennis* L. (Mósælda).

(Samnefni: *Polystictus perennis* (L.) Fr., *Coltricia perennis* (L. ex. Fr.) Karst., *Coltricia tomentosa* (Fr.) Mur.)

Oftast með nokkurn veginn reglulegum hatti og staf. Hatturinn allt að þrír cm í þvermál, móbrúnn eða kanelbrúnn, trektlaga, með þéttum, aðlægum hárum, sem mynda sammiðja hringi eða belti á hattinum. Sáldlagið ljósbrúnt, síðar kanelbrúnt, niðurvaxið á stafinn. Stafurinn stuttur móbrúnn fínólhærður. Vex í þurru, sendnu landi, oftast í mómum.

Mósældunna er fyrst getið hér af P. Larsen (1932) og talin fundin við Lómagnúp af F. Buchvald. Síðan hefur hún fundist í Hafnarfjarðarhrauni (Bergþór Jóhannsson) og á Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði. Á öllum stöðunum óx hún í þurrum mómum, og er því eina sáldsveppategundin hér á landi, sem ekki vex í skógum. Enda þótt mósældan sé fundin í þremur landsfjórðungum, virðist hún vera sárasjaldgæf.

Tegundin *Polyporus cinnamomeus* Jacq., sem er náskyld þessari, ef ekki sú sama, hefur fundist á Grænlandi.

Hér skal að lokum gerður dálítill samanburður á útbreiðslu sáldsveppategundanna.

Eins og áður getur, eru allar íslensku tegundirnar bundnar við skóglendi, nema ein, *Polyporus perennis*. Af þessu leiðir, að sáldsveppanna er aðeins að leita á skógarsvæðum, og finnast þeir því ekki í stórum hlutum landsins. Nú fer því auðvitað fjarri, að öll skóglendi landsins hafi verið könnuð sveppafræðilega. Er því ekki um annað að gera en gera samanburð á hinum könnuðu svæðum, og þar sem þau liggja hvert í sínum landsfjórðungi, er slíkur samanburður engu að síður dálítið fróðlegur. Svæðin, sem hér um ræðir, eru Fljótsdalshérað ofanvert, Suður-Þingeyjarsýsla og Borgarfjörður vestra. Kemur þá í ljós, að allar skógartegundirnar fimm hafa fundist á Þingeyjarsýslusvæðinu, tvær þeirra þó aðeins í Fnjóskadal. Á Héraðssvæðinu hafa allar fundist nema ein, en á Borgarfjarðarsvæðinu hefur aðeins ein þessara tegunda fundist.

Því er ekki að neita, að þetta getur verið eitthvað af þeim sökum, að Þingeyjarsýslusvæðið er best kannað, en Borgarfjarðarsvæðið líklega verst. Þess er þó að gæta, að sáldsveppirnir eru yfirleitt mjög áberandi, nema ef vera skyldi tundursældan og birkisældan, og vaxa þar að auki á öllum árstímum. Er þeir því allra sveppa ólíklegastir til að verða útundan við rannsókn.

Ég þykist því mega fullyrða, að allmikill munur sé á sáldsveppaflórinni suðvestanlands annars vegar og á Norður- og Austurlandi hins vegar. Er það reyndar í samræmi við það, sem þekkt er meðal annarra skógarsveppa. (Sbr. grein höf. um berserkjasveppinn í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1964.) Loftslagsmunur milli þessara landshluta er að vísu allmikill, en nægir þó tæpast til að skýra þetta. Líklega liggur hér að baki gróðursöguleg þróun. Það er nú talið fullsannað, að skógur breiddist fyrr út um norðan- og austanvert landið, eftir síðustu ísöld, en um aðra landshluta. Þykir mér líklegast, að þar sé að leita skýringanna á þessu fyrirbæri.


Heimildarrit:

- Christiansen, M. P. (1941). Studies in the larger fungi of Iceland. Botany of Iceland III.
Ferdinandsen, C. og Jørgensen, C. A. (1938). Skovtræernes Sygdomme. Kh.
Kreisel, H. (1961). Die phytopathogenen Grosspilze Deutschlands. Jena.
König, Ev. (1957). Tierische und pflanzliche Holzschädlinge, Stuttgart.
Larsen, P. (1932). Fungi of Iceland. Botany of Iceland. Kh.
Michael, Ed. and Hennig, B. (1960). Handbuch für Pilzfreunde II. Nichtblätterpilze, 2. Ausg. Jena.

SUMMARY

In Iceland six species of *Polyporaceae* have been found, and two of them are now recorded from Iceland for the first time, *Polyporus betulinus* Bull. ex. Fr. and *P. ignarius* L. The most common species in Iceland is doubtless *Polyporus hirsutus* Fr. that has been found in most of the birch-coppices in Iceland. The other species, with the exception of *P. perennis* have until now only been recorded from Northern and Eastern Iceland.

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga



Tryggvi Sigtryggsson

Á aðalfundi Kaupfélags Þingeyinga 1942 var flutt tillaga þess efnis, að félagið ákveði að gangast fyrir skógrækt á félagssvæðinu. Ekki var þessari tillögu vel tekið á fundinum. Var þó kosin þar 5 manna nefnd til að vinna að stofnun skógræktarfélags fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.

Nefnd þessi hafði síðan samband við áhugamenn um skógrækt í flestum sveitum sýslunnar og hvatti til að stofnuð yrðu félög í hverjum hreppi, sem síðan yrðu deildir í væntanlegu skógræktarfélagi fyrir alla sýsluna.

Nefndin boðaði síðan til fundar, sem haldinn var í Húsavík 19. apríl 1943. Mættu þar rúmir 30 fulltrúar úr 9 hreppum sýslunnar. Var þar ákveðin stofnun Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga, samþykkt lög fyrir félagið og kosin 5 manna félagsstjórn. Var þá þegar ákveðið, að félagið verði sambandsfélag deilda, sem stofnaðar verði í hverjum hreppi sýslunnar, eftir því sem hægt væri. Voru þá þegar stofnaðar 3 slíkar deildir, og á næsta ári voru deildirnar orðnar 8, og urðu seinna 10. Deildirnar senda fulltrúa

á aðalfundi félagsins í hlutfalli við félagatölu. Aðalfundir hafa verið haldnir á ýmsum stöðum í sýslunni, sitt árið á hverjum.

Fyrsta stjórn félagsins var þannig skipuð:

Tryggvi Sigtryggsson, formaður,
Ketill Indriðason, gjaldkeri,
Einar J. Reynis, ritari,
Einar G. E. Sæmundsen og
Sigurður Gunnarsson.

Tveir þeir fyrsttöldu hafa alltaf verið í stjórninni fram á þennan dag.


Eitt ákvæði í lögum félagsins frá upphafi er það að stuðla að því, að friðuð verði svæði á hverri jörð til skógræktar eða verndar skóga og skógarleifa, og veita styrk til að það komist sem víðast í framkvæmd.

Ekki var starfsemi félagsins mikil fyrstu árin.

Þó var árið 1945 búið að koma upp fjórum smá-girðingum, samtals 3 ha að flatarmáli, og gróðursettar í þær 700 birkiplöntur. Næsta ár, 1946, voru settar upp 12 girðingar, samtals 19,6 ha að flatarmáli, og það ár voru gróðursettar 4400 plöntur birkis. Árið 1947 voru nýjar girðingar 12, samtals 34,5 ha, þar á meðal girðing hjá Húsavík, 18 ha. Þetta ár var gróðursetning 15 þús. plöntur birki og 1500 plöntur skógfura.

Þannig hélt starfsemi félagsins áfram að smáaukast næstu árin, nýjum girðingum var komið upp með styrk frá félaginu, en girðingarnar voru í eigu bændanna og sáu þeir um kaup á plöntum og gróðursetningu með styrk frá félaginu. Skógræktargirðingin hjá Húsavík er eign félagsdeildarinnar þar. Eru þessar girðingar orðnar eitthvað yfir 100 að tölu. Stærstar af þeim munu vera girðingin hjá Húsavík og önnur hjá Stafni í Reykjadal, hvor um sig um 18 ha að stærð. Auk þess hefur allmikið verið gróðursett á vegum félagsins í landsvæði, sem Skógrækt ríkisins hefur séð um friðun á, svo sem Fellsskóg í Kinn, á Ytrafjalli í Aðaldal og smáreit hjá Laugaskóla.

Árið 1960 tók félagið á leigu helming af Foss-



Gróðursetning Skógræktarfélags S.-Þingeyinga á árunum 1945-1965 í ha. Breitt strik: Gróðursetning alls. Punktalína: Gróðursett barrtré. Mjótt strik: Gróðursett lauftré.

selsskógi, sem er allmikið skóglendi í Reykdælahreppi vestan í Fljótshéiði. og nú í vetur fékk félagið leigusamning um allan skóginn, en hann mun vera um 90 ha að flatarmáli. Félagið byrjaði fyrir alvöru að gróðursetja í skóginn 1959, og síðan hefur aðalstarf félagsins verið að gróðursetja þarna, aðallega rauðgreni, en einnig nokkuð af blágreni, stafafuru, bergfuru og fleiri tegundum. Er á þessum árum búið að gróðursetja yfir 140 þúsund plöntur af barrtrjám. Þarna hefur auk þess verið mikil vinna við að

grisja skóginn fyrir gróðursetningu og einnig nokkru eftir gróðursetningu. Vegir hafa verið lagðir um skóginn og skáli byggður fyrir verkamenn.

Önnur landsvæði, sem mest hefur verið gróðursett í á vegum félagsins, eru þessi:

Ystafell	90 þús. pl.
Húsavík	75 - -
Stafn	53 - -
Ytrafall	38 - -



Séð yfir nyrðri hluta skógræktargirðingarinnar á Ytra-Fjalli í Aðaldal. Hafist var hér handa um friðun birkileifa 1915. Þá voru lágvaxnar birkihrislur á stöku stað í landinu. Girðingin var stækkuð 1924 og 1928. Nú eru alls friðaðir 60 ha lands og breiðist birkið óðum um fjallið. - Ljósm.: Sn. Sig.



Rauðgreni gróðursett 1955 í brekkuna ofan við Laugaból, Reykjadal. Hæð 1966 2.65 m. - Ljósm.: Sn. Sig.



Úr skógrætgirðingunni á Laugabóli í Reykjadal. Tryggvi Sigtryggsson stendur framan við lerki, gróðursett 1951. Birkið til vinstri á myndinni var tekið úr Ljótsstaðaskógi 1939. Hæð þess er nú 6.85 ., - Ljósm.: Sn. Sig.

Auk þess hefur félagið lítillega styrkt hinar myndarlegu skógræktarframkvæmdir á Végeirsstöðum.

Aðaltekjustofn félagsins hefur frá upphafi verið ríkisstyrkurinn. Sýslusjóður Suður-Þingeyjarsýslu hefur árlega styrkt félagið, og var sá styrkur 15 þús. kr. á síðasta ári. Sum árin hefur félagið fengið styrk frá Kaupfélagi Þingeyinga og Kaupfélagi Svalbarðseyrar. Oft hef-

ur félagið haldið skemmtisamkomur í Vaglaskógi, og haft af því drjúgar tekjur.

Eftir að félagið hóf starfsemi sína í Fossseli, sá stjórn félagsins fram á, að ekki yrði hægt að halda þar áfram með þeim krafti, sem hún taldi nauðsynlegt, nema félagið fengi auknar tekjur. Var þá ákveðið að leita eftir framlögum frá þeim héraðsbúum, sem vildu styrkja félagið í eitt skipti með nokkru framlagi. Undirtektir urðu svo góðar, að á árunum 1964-65 hefur

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1966

félagið fengið á þennan hátt framlög, sem eru samtals kr. 86.600,00. Með þessu er tryggð starfsemi félagsins í Fossselsskógi á næstu árum, ef ríkisstyrkur helst svipaður og að undanfögnu.

Ekki er auðvelt að gera að fullu grein fyrir árangri af skógræktarstarfinu í þessum mörgu skógarreitum. En það er þó ljóst, að hann er mjög misjafn, og er fleira en eitt, sem því veldur. Ekki hefur alltaf verið valið heppilegt land til ræktunar, en landeigendur hafa einnig verið mjög misjafnlega duglegir og hirðusamir í starfi sínu. En það er þegar ljóst, að ýmsar trúategundir geta þrífist hér, ef rétt er að farið. Á það má benda í þessu sambandi, að birkið í mörgum þingeysku skógunum er svo hátt og beinvaxið, að það er ekki betra annars staðar á landinu.

Það er sannfæring okkar, sem að þessu vinnum, að skógræktin eigi hér mikla framtíð, og að þessir litlu skógræktarreitir okkar muni ef til vill sýna það betur en nokkuð annað, hvað er hægt að gera og hvert ber að stefna í þessum efnum, og að í kjölfar þeirra komi ræktun mikilla skóga.

Spákerling og skýjaglópar

Undanfarið hafa birst nokkrar harla öfgakenndar greinir um trjárækt og skógrækt í dálkum Velvakanda í Morgunblaðinu og samsvarandi dálkum Alþýðublaðsins. Því miður eru allir höfundar ókunnir nema einn, og er slíkt miður.

Þar eð þessir pistlar eru ekki ýkja langir þykir mér rétt að láta endurprenta hinn fyrsta þeirra. Dagblaðapistlar eru forgengilegir, og því finnst mér skylt frá sögulegu sjónarmiði að forða slíkum hugsunarhætti og hér birtist frá gleymsku. Lesendur Ársritsins geta svo sjálfir dæmt um þekkingu, greind og góðgirni höfundar.

Hákon Bjarnason.

V.A. skrifar: „Kæri Velvakandi!

Ég veit ekki, hvort ég fæ birtingu á þessum línunum í þínu blaði - þar sem þitt blað er sennilega á algerlega öndverðri skoðun en ég.

Mig langar að segja þér, hve mikið mér sárnar það, ef illa er gengið um mitt fagra land, sem ég því miður hef allt of oft rekið mig á - og er ég hrædd um að þar eigi oftast Íslendingar hlut að máli. Þetta á þó eflaust eftir að breytast á komandi árum.

En það, sem mér liggur þyngst á hjarta, er - hvers vegna má landið okkar ekki halda sinni fegurð eins og hún er - sínum sterku sérkennum, *en það er einmitt nekt þess og stórbrotið viðsýni*, til hvers er verið að sóa milljónum til skógræktar? Er það efnishyggjan - tilhlökkunin yfir hinum glæsta barrskógi, sem í framtíðinni verði hægt að hafa „timburafnot af“ - já, ef til vill nægilegt fyrir allt landið - ha - ha. Því að þegar 50-60 ár eru liðin verður timbrið sennilega að mestu leyti úr sögunni sem efniviður. Þessir „skógræktarmenn“ láta sig dreyma um *sögunarmyllur og timburflota*, eru þeir raunverulega að klæða landið? Þessi harmleikur, sem á sér stað hér, minnir helst á einhvern „snobbisma“ - mann, sem elskar aðeins farðann á andliti konu sinnar og sóar peningunum í snyrtivörur handa henni - en gleymir sálinni. Eins og hann Helgi Sæm. komst að orði eitt sinn *myndi barrskógur fara landinu ámóta vel og skegg á andliti konu*. Þarna er vel að orði komist - því að bæði á barrskógurinn alls ekki heima hér og þrífst ekki nema á stöku stað.

Birkið er íslenskt, það sómir sér vel hér, en hvað gerir ekki „skógræktin“, hún holar þessum barrtrám niður milli bjarkanna og svo er það björkin, sem á að víkja fyrir barrinu, þegar þar að kemur. Hefurðu komið í íslenskan birkiskóg - notið þess að liggja þar innan um blóm og grös, sem vaxa milli trjánna? - Hefurðu séð skógarsvörð í barrskógi, dimma-svað - stofnarnir naktir nema efst, þar sem sólin nær til? Hafa skógræktarmenn legið þar í svaðinu og látið sig dreyma um moldarsvörðinn og myrkrið? Er það þetta, sem þið viljið? Efnishyggja? Hver er eiginlega tilgangurinn með öllu þessu? Að vera *eins og aðrir*, en það tel ég eina veikustu hlið okkar Íslendinga, að halda alltaf að sjálfsagt sé að taka aðra til fyrirmyndar, þar sem við ættum að fara okkar eigin leiðir.

Það er skógræktin, sem að mínum dómi gengur verst um landið - vegna þess að hún kann ekki að meta þess dýrmætu sérkenni - nektina - þykist bæta úr með útlendum barrviði. Væri ekki nær að nota milljónirnar í eitthvað annað

- eins og sandgræðslu - það er uppbygging. Það er göfugt að „græða það sem áður kól“, en niðurrif að hola niður öllu þessu barri, sem auk þess þrífst ærið misjafnlega - *á alls ekki heima hér*. Að lokum: Getur það verið satt, að helstu tekjur af „skógræktinni“ nú séu greinar, sem höggna eru af „furuskóginum“ við Rauðavatn og seldar eru fyrir jólin? - Hvenær verður þá furan á Þingvöllum höggvin? - V. Á.“

Skógrækt á Íslandi

Á s.l. vetri efndi stjórn Skógræktarfélags Íslands til ritgerðasamkeppni meðal nemenda 5. bekkjar í Menntaskólanum á Laugarvatni. Ritgerðarefnið var: „Skógrækt á Íslandi.“ Veitt voru verðlaun fyrir þrjár bestu ritgerðirnar.

Að þessu sinni samdi Hrafnhildur Óskarsdóttir frá Hafnarfirði bestu ritgerðina. Ritgerð Hrafnhildar er svo vel samin, að ástæða þykir til að birta hana hér.

Þess skal getið, að stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur áður efnt til slíkra ritgerðasamkeppna í menntaskólunum á Akureyri og í Reykjavík.

Sn. Sig.

Einn er sá maður íslenskur, sem öðrum fremur hefur verið talinn sannsögull. Sá er prestur einn löngu liðinn, nefndur Ari fróði. Prestur þessi reit bók á kálfskinn, sem jafnan er kölluð Íslendingabók. Í þessari merkilegu bók lýsir Ari að nokkru landi voru, eins og það kom hinum norrænu forfedrum okkar fyrir sjónir. Ýmislegt í bók Ara gefur ótvíræða vissu um meiri grósku í gróðurfari landsins en nú er. Hann segir meðal annars, að landið hafi verið víði vaxið milli fjalls og fjöru. (Fræðimenn nútímans telja, að í þann tíma hafi um 30-40% landsins verið gróðri hulið. Nú er gróið land aðeins um 18%). Enginn dregur í efa, að lýsing Ara á landinu sé rétt, og flestir hafa einhverja hugmynd um, hvað valdið hefur þeirri hröðu eyðileggingu gróins lands, sem hér hefur átt sér stað. Þeir eru færri, sem nokkum tíma hafa hugleitt, hvort ekki sé hægt að vinna þetta land aftur, og með hvaða ráðum það kynni að

vera mögulegt. Víst er um, að til nokkurs er að vinna, og stöku menn hafa fundið hjá sér hvöt til að grafast fyrir um orsakir þessarar landeyðingar og kanna leiðir til úrbóta. Margir hafa og skrafað um þessi mál og skrifað af misjöfnu viti, eins og títt er, en eitt eru þessir menn þó sammála um: Það verður að hjálpa náttúrunni til þess að ná aftur fótfestu, þar sem land hefur lagst í auðn af uppblæstri og örtröð.

Um leiðir til þeirra hluta eru næsta skiptar skoðanir, ekki hvað síst vegna þess, hve ágreiningur er mikill um upphaflegar orsakir uppblástursins. Það liggur þó ljóst fyrir, að frumskilyrði fyrir því, að árangur náist, er nákvæm rannsókn á gróðurskilyrðum landsins og hverjar jurtir eru vænlegastar til að ná fótfestu á örfoka svæðum.

Meðal fyrstu manna til að gera sér ljósa grein fyrir hættunni, sem landi og þjóð var búin af völdum uppblástursins, var hinn stórmerki náttúrufræðingur og ferðalangur Þorvaldur Thoroddsen. Hann taldi eyðingu birkiskóganna meginorsök uppblástursins. Það hefur og verið álit flestra þeirra, er síðar hafa um málið ritað. Fjarri fer þó því, að menn hafi verið á einu máli um ástæðurnar til eyðingar birkiskóganna.

Þorvaldur taldi, að maðurinn og húsdýr hans hefðu átt þar drýgstan hlut að máli, og nú á síðustu árum hafa verið færðar óbyggjandi sönnur á réttmæti þeirrar kenningar. Í því sambandi ber fyrst að nefna rannsóknir Sigurðar Þórarinssonar. Hann hefur gert merkilegar athuganir á jarðvegsþykkt með hjálp tímatafs, sem byggt er á rannsóknum öskulaga.

Ljós öskulög frá ýmsum Heklugosum, bæði sögulegum og eldri, eru notuð til viðmiðunar og samanburður gerður á þykkt jarðvegsins milli þeirra. Niðurstaða þeirra rannsókna er sú, að milli fyrsta öskugoss Heklu eftir landnám, þ.e. laust eftir 800, og Heklugossins 1104 hefur uppblástur skyndilega tekið að aukast og margfaldast enn á bilinu milli gosanna 1104 og 1340. Á því bili er ekki til að dreifa neinum stórfelldum veðurfarsbreytingum eða hægt að kenna miklum eldgosum um eyðingu skóganna. Fyrir landnám urðu hér á landi margfalt fleiri öskugos en nokkurn tíma síðar, og ævinlega náðu skógarnir að rétta við, án þess að fok ykist verulega. Eitthvað enn annað hlýtur að hafa komið til sögunnar og tæplega er nokkur í

vafa um, hvað olli. Maðurinn og húsdýr hans eru sá skaðvaldur, sem gróðri landsins hefur orðið þungbærastur. Eldar, kolagerð og gegndarlaus fjárbeit eyddu birkiskógunum á ótrúlega skömmum tíma.

Augljóst er því, að brýna nauðsyn ber til að skipuleggja fjárbeitina og að fjölga ekki sauðfénaði án vísindalegra rannsókna á beitarpóli afréttanna. Í kjölfar þeirra rannsókna koma svo úrbætur og þær framkvæmdir, sem vænlegastar þykja til árangurs. Þar sem fullsannað þykir, að uppblástur landsins eigi rætur sínar að rekja til eyðingar birkiskóganna, er engin ályktun eðlilegri en sú, að helsta ráðið til bjargar sé einmitt að rækta skógana aftur í sitt fyrra horf.

Það er naumast nokkrum vafa undirorpið, að skógrækt er lausnin, en þar með er ekki öll sagan sögð. Það krefst þolinmæði að rækta skóga. Grundvöllur árangursríkrar skógræktar eru áratugalangar tilraunir og rannsóknir.

Nærtækast virðist vera að hefja sem skjótast ræktun þeirrar trjategundar, sem áður þakti íslenskar fjallshlíðar, þ.e. birkisins, en sú er þó ekki reyndin. Í fjölmörgum löndum og landshlutum, sem hafa svipað veðurfar og Ísland, vaxa harðgerar trjategundir, sem eru margfalt hraðvaxnari en hið íslenska birki. Það er því sjálfsagður hlutur að leita uppi þær trjategundir, sem besta raun gefa við hérlend skilyrði.

Einkum verður sú leið vænlegri til árangurs, er kunnar eru þær niðurstöður síðari tíma rannsókna, að tegundafæð hinnar íslensku flóru sé ekki einvörðungu sprottin af óbliðu veurfari landsins og ófrjósamri gróðurmold, heldur sé einangrun landsins höfuðorsökin. Það hefur komið í ljós, að rúmur helmingur þeirra tegunda, sem nú finnast á landinu, er kuldabeltisgróður, sem lifað hefur af ísöldina, en 1/5 hluti hefur á einn eða annan hátt borist með mönnum. Sennilegt er talið, að nokkur hluti þess, sem þá er eftir, hafi lifað ísöldina, þó ekki sé það fullvíst.

Á það er bent, að mjó sund og innhöf eru einatt mikill tálmi í vegi plantnanna, hvað útbreiðslu snertir. Er þá eigi að undra, þótt Íslandsálar hafi orðið þeim nokkur hindrun.

Þegar flytja á plöntu milli landa, er margs að gæta. Nauðsynlegt er að gera nákvæmari samanburð á veurfari, lengd vaxtartíma og úrkomu, og ekki síst kostum jarðvegsins og göllum á báðum stöðum. Öllum þjóðum er nauð-

synlegt að þekkja gróðurskilyrði lands síns til þess að geta gert sér grein fyrir, hvaða kostir eru á að bæta hana og gera hana fjölbættari.

Íslenskur jarðvegur er ekki af því tagi, sem kallast getur frjósamur. Hann er grófur og ekki auðugur af næringarefnum. Ýmsar jurtir eru þeim eiginleikum búnar að bæta næringarinnihald jarðvegsins. Þar standa fremstar í flokki belgjurtirnar eða öllu heldur köfnunarefnisgerlarnir í rótarhnúðum þeirra. Þeir vinna kolsýru úr andrúmsloftinu og binda í jarðveginn. Hér á landi hafa verið gerðar stórmerkar tilraunir með lúpínu-hnausa frá Alaska, sem eru af þessu tagi, og hafa þær tilraunir gefið góðar vonir.

Önnur fyrirbæri, sem vert er að gefa gaum í sambandi við skógrækt, eru svokallaðir rótarsveppir. Þeir vinna trjánum hið mesta gagn og eru jafnvel taldir hafa úrslitapýðingu fyrir skógrækt hér á landi.

Þegar samanburður við hin ýmsu lönd er fenginn og þeir staðir fundnir, sem hafa skilyrði líkust landi voru, er næsta skref að hefja innflutning hraðvaxinna skjólmikilla trjategunda frá þeim stöðum. Þá tekur við langur reynslutími hinna ýmsu kvæma og staðbrigða, sem hafa verður undir stöðugu eftirliti, ef fullkominn árangur á að nást.

Slíkar tilraunir sem þessar eru bæði dýrar og tímafrekar, en á þennan hátt má koma í veg fyrir stórfelld óhöpp og eyðingu af völdum veðurfars og finna þær tegundir, sem vænlegastar eru til skjóts þroska í landinu.

Síðan tilraunir með skógrækt hófust hér á landi um aldamótin, hafa tveir vetur höggvið stór skörð í raðir tilraunatrjáanna. Frostaveturinn annálaða 1918 urðu allmiklar kalskemmdir víða um land og hlýja veturinn 1963 urðu skemmdirnar enn meiri, enda hafnar tilraunir á ólíkt fleiri stöðum þá.

Af þessum vetrum fékkst dýrmæt reynsla, því þrátt fyrir mikinn skaða, lifðu sum kvæmi þessi harðæri án þess að láta á sjá.

Þótt vorhretin séu líklega verstí óvinur trjáanna, er ýmislegt fleira, sem getur leikið þau grátt. Sjúkdómar, nagdýr, lýs og fúasveppir herja trjategundir hvarvetna, þótt í misjöfnum mæli sé. Einkum eru fúasveppirnir og lýsnar illkynjuð.

Gæta verður sérstakrar varúðar gegn ýmsum meindýrum, sem hingað berast, því oft eru þau

skordýr, sem erlendis halda þeim í skefjum, ekki til hér á landi. Gegn þeim ófögnuði er lyfjabúðin eina tiltæka ráðið.

Af því, sem hér hefur verið rakið, má glögglega ráða, að ræktun skóga á Íslandi er ekkert áhlaupaverk. Þar verður að vinna markvisst af elju og þekkingu.

Meðal framámanna þjóðarinnar um aldamótin síðustu voru stöku menn, sem gerðu sér ljósa þá staðreynd, að Ísland gat fóstað skóga, og sáu nauðsyn þess, að hafist yrði handa um skógrækt. Sá, sem fyrstur varð til að hefja tilraunir, var danskur skipstjóri, en heimamenn tóku fljótlega upp merkið.

Á fyrstu árum skógræktarinnar, var þekking manna á gróðurskilyrðum landsins harla lítil. Áhugi margra þeirra, sem þá lögðu skógræktinni lið, var fremur sprottinn af óskhyggju en reynslu eða þekkingu. Enda árangurinn ekki sem bestur stundum. Störf hinna fyrstu brautryðjenda skógræktar á Íslandi bera dugnaði og framsýni þessara manna ljóst vitni. Leifar skóga voru friðaðar og tilraunir í smáum stíl hafnar. Athuganir hinna fyrstu skógarvarða á veðurfari og viðgangi plantnanna eru undirstaða mikils hluta þeirra tilrauna, sem síðar hafa verið gerðar. Verður þeim seint fullþakkað það starf og ekki með öðru móti en því, að halda áfram því starfi, sem þeir hófu.

Árið 1907 voru gefin út sérstök lög um skógrækt, og skipaður skógræktarstjóri. Höfuð-verkefni skógræktarinnar fyrst í stað allt fram til ársins 1936 var friðun, en síðan hafa tilraunir

með barrtré verið aðalviðfangsefnið. Til þeirra tilrauna nýtur skógræktin nokkurs fjárstyrks frá ríkinu. Er sú fjárhæð oftast u.þ.b. $\frac{1}{4}-\frac{1}{3}$ þeirrar fjárhæðar, er skógræktarfélagin leggja sjálf af mörkum. Höfuðstoð skógræktarinnar er þó Landgræðslusjóður, sem var stofnaður við lýðveldistökuna 1944. Hann hefur tekjur sínar af merktum vindlingum og aðalhlutverk hans er að klæða landið skógi. ÞÓ hefur Skógrækt ríkisins löngum verið þröngur stakkur skorinn sökum ónógra fjárveitinga, en skilningur á nauðsyn starfs hennar er heldur að aukast í seinni tíð.

Það er von þeirra, sem að skógrækt vinna, að brátt fari í hönd þeir tímar, að viðarframleiðsla standi orðið straum af öllum kostnaði. Þótt ýmsir hafi farið háðulegum orðum um loftkastala skógræktarmanna í því sambandi, má gerla sjá, ef málið er grundað af skynsemi og sleppt stórum orðum og heitingum, að sá tími mun koma og er reyndar ekki langt undan. Það er staðreynd, að allmargar erlendar barrviðartegundir gefa af sér allt að fimm sinn-um meira viðarmagn á ári en íslenska birkið, sem þó var talið vel nýtilegt á landnámsöld.

Að síðustu vil ég minnst fáum orðum á skólaæsku landsins, sem oft og tíðum hefur lagt gjörva hönd á margt verk. Ekki er vanþörf á að gefa því nánari gaum, hvort ekki beri að skipuleggja þá vinnuafslind betur og virkja vinnugleði barna og unglinga, sem fagna öllum tækifærum, sem gefast, til að sleppa frá skólabókunum á vorin.

Danska Heiðafélagið 100 ára

Det danske Hedeselskab (Danska Heiðafélagið) varð 100 ára hinn 28. mars í vor. Þann dag minntist stjórn félagsins stofnendanna þriggja, þeirra E. M. Dalgas, F. Mourier-Petersens og G. Morvilles, með því að leggja blómsveiga á legstaði þeirra. Daginn eftir voru mikil hátíðahöld í Viborg, en samtímis því stóðu skógstjórar og forstjórar Heiðafélagsins fyrir veislum á ýmsum stöðum um allt Jótland fyrir starfsmenn félagsins.

Hátíðahöldin í Viborg hófust með stuttri andagt í dómkirkju Viborgar, sem var mjög fjölsótt af borgurum bæjarins, enda þótt athöfnin færi fram árla dags. Af því mátti sjá, hver ítök Heiðafélagið á í borgurum hinnar gömlu höfuðborgar Jótlands. Að henni lokinni var móttaka í Preislers-hóteli, þar sem stofnanir og félög báru fram heillaóskir, sínar og færðu félaginu góðar gjafir. Sumar voru miklar og stórar, en aðrar minni, en bak við þær allar lá góður hugur og viðurkenning á hinu mikla og giftudrjúga starfi félagsins.

Að þessu loknu var borinn fram hádegisverður í stærsta samkomuhúsi borgarinnar, og þangað kom Friðrik konungur níundi til að taka þátt í athöfninni. Þar var fram borin hin ljúffengasta uxasteik með frönsku víni og gómsætur ábætir. Að máltíð lokinni söfnuðust menn saman í leikhúsi borgarinnar, þar sem nokkrar kveðjur voru færðar og ræður haldnar áður en sýning kvikmyndar hófst, sem tekin var í tilefni aldarafmælisins. Er það afbragðs vel gerð mynd.

Þennan dag komu einnig út tvær bækur, önnur ævisaga Dalgas eftir H. Skodshøj, hin eftir sagnfræðinginn F. Skrubbeltrang, sem heitir „Det indvundne Danmark“. Er það saga heiðaræktunarinnar frá upphafi og saga félagsins fram til ársins 1914. Framhald sögunnar er í undirbúningi, en kemur vart út fyrr en eftir nokkur ár.

Um kvöldið var svo mikil veisla, þar sem um 400 manns voru samankomnir, og hefðu verið fleiri, ef húsrými hefði leyft. Þar voru haldnar margar ræður, en allar stuttar, og að þeim

loknum skemmtu menn sér hið besta langt fram eftir nóttu við dans, samræður og drykk. Með þessu lauk hátíðahöldunum, en daginn eftir voru hinir erlendu gestir boðnir í hádegisverð til formanns félagsins, hr. A. Olufsens, til óðals hans. Hr. Olufsen er mikill búmaður og einn mesti grasfræktarbóndi Danmerkur.

Ég var boðinn til að vera viðstaddur þessi hátíðahöld af hálfu Íslands sakir þeirra skipta, sem Heiðafélagið hefur löngum haft við skógræktina hér á landi. Við kvöldverðinn kom það í minn hlut að flytja kveðjur okkar og afhenda ávarp frá Skógræktarfélagi Íslands til Heiðafélagsins. Hér fer á eftir ávarp mitt í íslenski þýðingu:

Herra formaður,
fögru konur og göfugu menn.

Mér er það í senn mikill heiður og sónn ánægja að hafa fengið tilefni til að koma til þessarar hátíðar til að flytja Heiðafélaginu kveðjur og heillaóskir þjóðar minnar á aldarafmæli félagsins.

Íslenski landbúnaðarráðherrann. Ingólfur Jónsson, bað mig fyrir hjartanlegar hamingjuóskir til félagsins.

Störf Heiðafélagsins í heila öld eru alveg einstök í hinni löngu sögu Danmerkur, og eru þau vel þekkt, bæði innan lands og langt út fyrir landamærin. Í því sambandi minnst menn fyrst og fremst hins mikla hlutverks þess við ræktun Jótlands. En áhrifin af starfi félagsins hafa náð langt út fyrir Danmörku, og þessu hættir mönnum við að gleyma.

Í sögunni gætir samhliða þróunar á svipaðan hátt og í líffræðinni. Í hinu mikla ritverki, „Daglegt líf á Norðurlöndum“, kemst Troels Lund svo að orði á einum stað: „Þegar Arabar gerðust lærifeður Evrópuþjóðanna á Spáni höfðu þeir enga hugmynd um þau miklu verðmæti, sem þeir arfleiddu þær að.“ Ég leyfi mér að breyta þessu nokkuð og gera þau orð að mínum: Stofnendur danska Heiðafélagsins vissu

ekki, þegar þeir stofnuðu félagið, hve mikil verðmæti hin Norðurlöndin hlutu í arf.

Þegar menn á Norðurlöndum sáu hvernig Heiðafélagið gat leyst hin vandasömustu störf af höndum vegna viljans og hrifningarinnar fyrir góðu málefni varð það upphaf þess að mörg félög voru stofnuð til þess að græða upp skóga og rækta lönd. Eitt af hinum mörgu fögru kvæðum Björnstjerne Björnsons er greinilega innblásið af starfi Heiðafélagsins, en þar segir hann, að þar sem nógur sé kærleikurinn og menn vinni saman, þar sé einnig nóg af jörð til að rækta. Það er þessi menningararfur frá Heiðafélaginu, sem hefur verið þýðingarmestur utan landamæra Danmerkur. Þennan arf verða menn að meta rétt og þekkja, þegar saga Heiðafélagsins er rannsökuð.

Auk þessa hefur Heiðafélagið oft stutt hin Norðurlöndin með leiðbeiningum og hollum ráðum. Í því sambandi er mér ljúft að minnst þess, að Heiðafélagið léði Íslendingum skógræðinginn Christian E. Flensborg í sjö sumur í röð, árin 1900 til 1906, til þess að koma á fót skógrækt á Íslandi. Ég get ekki hugsað mér, hvar við Íslendingar værum á vegi staddir í skógrækt nú, ef við hefðum ekki brautryðjendastarf hans til að byggja á. Þá skal þess og getið, að landmælingamaðurinn Feilberg og verkfræðingurinn Thalbitzer frá Heiðafélaginu unnu að áveitumælingum á Íslandi árin 1906 og 19~0.

Þegar ég var að læra skógrækt í Danmörku kom skógræktin á heiðunum oft til umræðu, og margt var skrafað, bæði með henni og ekki síst á móti. Þá sögðu margir, að skógarnir gæfu svo lítið í aðra hönd, að betra hefði verið að nota landið undir akra og engi. Nú er öldin önnur og maður heyrir að víða hefði átt að rækta skóg, þar sem heiðin var tekin til jarðræktar. - Hverju á að trúa?

Ég veit aðeins að eitt er víst: Menn verða að vera mjög varkárir þegar þeir ætla að dæma um gildi ræktunar, sem tekur langan tíma og tekur yfir stór landssvæði. Hin þjóðfélagslegu verðmæti, er fást við ræktunina, eru oft metin minna en rétt er og sumir gleyma þeim með öllu. Tímarnir breytast svo hratt, að fæstum er gefið að sjá örfá ár fram í tímann.

Ég er viss um, að við værum ekki stödd hér í dag til þess að fagna 100 ára afmæli Heiðafélagsins, ef stofnendur þess hefðu lagt hag-

fræðilega útreikninga til grundvallar fyrir starfi sínu í stað fórnarlundar og föðurlandsástar.

Til þess að finna orðum mínum stað gæti ég vitnað til þess, sem forstjóri félagsins, C. Dalgas, skrifaði á hálftrar aldar afmæli þess. En þar sem tími er naumur verð ég að biðja yður að lesa það sjálf í afmælisritinu frá 1916.*)

Það var trúin á góðan málstað ásamt kjarki og krafti, sem lyfti Heiðafélaginu á sínum tíma. Nú, heilli öld síðar, er það sterkara en nokkurn tíma fyrr. Ósk mín til Heiðafélagsins í dag er þessi: Að það megi varðveita hinn góða hug og heilbrigða kraft um langa langa framtíð, að það megi njóta trausts þjóðarinnar og stuðnings ríkisins en halda frjálsræði sínu.

Í því sambandi vil ég minna á, að sé frjálsræðið skert þá minnkar vinnugleðin.

Má ég svo að lokum, hr. formaður, afhenda kveðju Skógræktarfélags Íslands til Heiðafélagsins, lítið handrit, sem hljóðar svo:

Hið danska Heiðafélag.

Vér hyllum þá þjóð og minningu þeirra manna, sem stofnuðu Hið danska Heiðafélag á erfiðum tímum fyrir hundrað árum.

Vér hyllum félagið fyrir brautryðjendastarf þess, sem stendur sem fagurt fordæmi fyrir öðrum þjóðum um ræktun og skógræðslu.

Vér þökkum góða samvinnu og vináttu.

Vér árnun Hinu danska Heiðafélagi allra heilla og góðs árangurs í starfi sínu fyrir komandi kynslóðir.

Skógræktarfélag Íslands.

Hákon Guðmundsson.

Hákon Bjarnason.

*) Fyrir 50 árum skrifaði C. Dalgas þetta:

„Unnt væri að segja, að Heiðafélagið og hið opinbera hefðu átt að hefja starf sitt með tilraunum í stað þess að hraða svo mjög gróðursetningu á stórum svæðum, eins og raun varð á. En þá hefði líka þróun félagsins orðið öll önnur en hún varð. - Þá hefði varla annað gerst en að gerðar hefðu verið tilraunir, sem að líkindum hefðu misst marks. Þá hefði ekki aðeins öllu seinkað um heilan mannsaldur, heldur hefði sá árangur aldrei náðst, sem félagið hefur unnið á sínum sviðum.“

Minningarorð

B. Frank Heintzleman

B. Frank Heintzleman, sem var yfirmaður U.S. Forest Service í Alaska um 35 ára skeið, andaðist 24. júní 1965 í Juneau í Alaska. Hann varð 77 ára.

Heintzleman var fæddur í Fayetteville í Pensylvania, og lauk skógræðiþrófi úr skógháskóla ríkisins árið 1907. Þrem árum síðar lauk hann meistaraþrófi í þessum fræðum við Yaleháskólann, en þar er fremsti skóli Bandaríkjanna í skógrækt.

Að loknu þrófi réðist hann strax til U. S. Forest Service og var nokkur ár í Oregon- og Washingtonríkjum. Árið 1917 flyst hann til Alaska og árið eftir gerðist hann yfirmann skógstjórnarinnar þar. Gegndi hann þeirri stöðu fram til ársins 1953. Þá var hann skipaður landsstjóri í Alaska í 4 ár, en þá var Alaska gert að sérstöku ríki innan Bandaríkjanna. Fram að því hafði landið verið hjálenda (territory) innan Bandaríkjanna, og hafði löngum oltið á ýmsu um stjórn þess.

Eftir að Heintzleman lét af störfum landsstjóra gerðist hann af fúsum vilja og án þóknunar eins konar sendiherra hins nýja ríkis, og vann að því að koma upp verksmiðjum og raforkuverum ásamt bættum samgöngum á sjó og landi. Svo varð honum vel ágengt, að hann var kjörinn heiðursþegn hins nýja ríkis skömmu áður en hann dó. Þótti enginn maður hafa unnið betur að framfaramálum Alaska en hann, og mun það sannmæli.

Þegar Heintzleman settist að í Alaska fyrir tæpri hálfri öld var óöld sú, sem gullæðið hafði í för með sér, að vísu um garð gengin, en allt í mestu niðurníðslu. Landið var rænt að gæðum, og undir eins og menn höfðu komist yfir einhverjar eignir fluttu þeir auðæfi sín með sér suður eftir Kyrrahafsströndinni, en landið og þjóðin þeim mun fátækari. Stórkostlegir skógarbrunnar eyddu nærri öllum frumskógum landsins inni á meginlandinu, þar sem þurrviðrasamt er, svo að lá við landauðn. Þótt kvartanir bærust til stjórnarinnar í höfuðborginni var ekki



B. Frank Heintzleman

hlustað á þær. Loks kom að því, að forseti Bandaríkjanna lagði leið sína þangað. Hann kom í skrifstofu Heintzlemans og samtalið byrjaði eitthvað á þá leið, að forsetinn hafði orð á því, að Heintzleman talaði ekki vel um sig. Spurði Heintzleman að því, hvernig hann gæti ætlast til þess, þar sem allt gengi á afturfótunum í landinu og enginn vildi sinna þeim kvörtunum eða tillögum, sem sendar væru til stjórnarherranna í Washington. Hvernig gæti forsetinn búist við að hljóta gott umtal, þegar hann brygðist þeirri skyldu, sem væri lögð honum á herðar. Spurði hann þá að því, hvaða tillögur Heintzleman hefði fram að bera. Hann dró þá upp fjölda skjala úr skrifborði sínu, en þar voru tillögur um ótal atriði varðandi framtíð landsins. Þetta varð til þess að málefnum Alaska var betur sinnt en nokkurn tíma áður. Þá var m.a. komið á fót eldvörnum til að hefta skógarbruna, en sú stofnun hefur unnið svo vel að settu marki, að einsdæmi er. Fyrir atbeina hennar hefur verðmæti margra milljarða dala verið forðað frá eyðingu. Margt fleira þarflegt

spratt upp af samtali þessara manna, sem hefur orðið landinu að liði.

Auk þess sem Heintzleman fékk hið opinbera til að veita málum Alaska meiri athygli og stuðning, þá kom hann því til leiðar að komið var upp sögunar- og pappírsmyllum í landinu sjálfu, svo að viðurinn var sendur út unninn. Var þetta hin mesta nauðsyn, því að áður var öll vinna mjög árstíðabundin, líkt og hér á landi, og skilyrði fyrir myndun bæja og þorpa fremur lítil. Þetta hefur mjög breyst á hinum síðari árum.

Heintzleman lagði mjög stund á að kynna sér atvinnuhætti á Norðurlöndum í því skyni að koma á umbótum í Alaska. Oft hafði hann ætlað sér að takast ferð á hendur til Noregs og Svíþjóðar, en úr því varð þó aldrei.

Þegar ég fór fyrst að leita eftir trjáfræi í Alaska var Heintzleman fyrsti maðurinn, sem ég hafði samband við. Greiddi hann fyrir mér á ýmsa vegu, og án aðstoðar hans hefði verið margfalt erfiðara að ná í fræ þaðan en raun varð á. Og þegar ég kynntist honum árið 1945 var hann boðinn og búinn til að hjálpa til við söfnun fræs á alla þá lund, sem við óskuðum eftir og hann gat. Sama má reyndar segja um alla samstarfsmenn hans, þeir hafa reynst okkur hin besta hjálparhella í hvívetna. Fyrir þetta stöndum við í þakkarskuld við þá stofnun, sem hann veitti lengst af forstöðu meðan hann bjó í Alaska.

Hákon Bjarnason,

Birki í Norður-Skotlandi

Síðustu daga aprílmánaðar í vor gafst mér tækifæri til þess að ferðast um Skotland á vegum British Council og bresku skógstjórnarinnar. Þar var ótal margt fróðlegt að sjá, og ætla ég að skýra nánar frá því síðar. En ég get ekki orða bundist um eitt atriði, sem kom mér einkennilega fyrir sjónir, en það var vaxtarlag skoska birkisins.

Íslenska birkið er margbreytilegt að gerð og vexti. Sumt af þessu mun vera arfgengt, en annað ef til vill sprettið af kjörum þess eftir að land byggðist. Íslenska birkið hefur verið talið til tegundarinnar *Betula pubescens*, Ehrh. (Í l. útgáfu Flóru Íslands *B. odorata*, Berhst.) Skandinaviska birkið og skoska birkið er og talið til þessarar tegundar.

Mönnum hefur lengi verið ljóst, að þessi greining er ekki nógu nákvæm, og því hafa sumir skipt tegundinni í undirdeildir, en aðrir viljað greina á milli nokkurra sjálfstæðra tegunda. Hið síðarnefnda hefur þó ekki fengið nógu sterkan stuðning grasafræðinga almennt, en hins vegar þykir sýnt að til séu undirdeildir eins og t.d. *B. pubescens*, f. *tortuosa*. En til þess mundi mikið af íslenska birkinu mega teljast, eins og t.d. fjallabirkið víða í Noregi.

Þegar Reidar Bathen fylkisskógstjóri í Troms var hér á Íslandi árin 1948 og 1951 vakti hann oft máls á því, hve íslenska birkið væri ólíkt norska birkinu, jafnvel birki því, sem óx í Troms. Einkum var það vaxtarlag birkisins, sem vakti athygli hans. Staða greina út frá bol trésins var með öðrum hætti hér en í Noregi. Hornið á milli bols og greina var miklu hvassara hér en á venjulegu norsku birki.

Síðar kom sænskur skóg- og grasafræðingur hingað til lands, prófessor Bertil Lindquist. Langaði hann til að geta flokkað íslenska birkið rétt, en hann var að gefa það frá sér áður en hann lést fyrir fáum árum. Hin ýmsu einkenni íslenska birkisins voru svo mjög á reiki, að hann komst ekki að neinni niðurstöðu.

Norðrhéruð Skotlands mega heita skóglaus með öllu alveg eins og Húnavatnssýslurnar hér. Landið er nakið og þakið mýrum milli ása og

*Leifar birkiskógar
í Norður-Skotlandi.
Apríl 1966. H. B.*



hæðadraga, og er það fremur tilbreytingarlaust ásýndum. Sums staðar hafa birkileifar geymst utan í klettum og við árfarvegi, þar sem kindur hafa ekki komist að, alveg á sama hátt og hér. Skógarfuran, sem áður var annað aðaltréð á þessum slóðum, má heita horfin með öllu. Þegar Skotland byggðist löngu áður en byggð hefst hér á landi, var landið vaxið furu- og birkiskógum, en um aðrar tegundir skógartrjáa var ekki að ræða.

Þegar litið var á þessar birkileifar í Norður Skotlandi stakk það mjög í augu, hve vaxtarlag þeirra minnti á íslenska birkið. Einkum var staða greinanna áþekk og á hinu íslenska. Því miður tókst mér ekki að ná í nógu góðar myndir af þessu birki í þetta sinn. En hér tel ég að sé um merkilegt rannsóknarefni að ræða, ekki hvað síst í sambandi við kenningar Steindórs Steindórssonar um uppruna íslensku flórunnar.

Skrá yfir skógræktargirðingar og gróðursetningu

Liðin eru 20 ár frá því að prentað var heildaryfirlit um skógargirðingar í landinu (Ársrit 1946, bls. 53-77). Þar var greint frá girðingum Skógræktar ríkisins og þeim, sem hún hafði styrkt samkvæmt lögum um skógrækt. Þá var og skrá yfir girðingar skógræktarfélaganna, sem voru bæði fáar og smáar á þeim tíma.

Yfirlit það, sem hér fer á eftir, er í tvennu lagi. Fyrst eru taldar girðingar á vegum Skógræktar ríkisins og síðan þær, sem skógræktarfélögin eiga eða hafa styrkt. Þar eru einnig teknar upp girðingar þær, sem Skógrækt ríkisins hefur styrkt, en eru í einkaeign.

Auk þeirra girðinga, sem hér eru taldar, eru enn nokkrar skógargirðingar í einkaeign og sumar stórar, sem mikið hefur verið plantað í. Er ástæða til að gera skrá yfir þær, en upplýsingar skortir enn um sumar þeirra. Verður slík skrá því að bíða.

Nokkrar af þeim girðingum, sem eru á skránni 1946, hafa verið felldar niður. Sumar sakir þess, að friðun náði ekki tilgangi sínum, en aðrar af því, að jarðeigendur hafa ekki getað tekið þátt í viðhaldi þeirra.

Skrárnar eru látnar fylgja sýslum og hreppum. Byrjað er á Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og endað á Kjósarsýslu. Í fyrsta dálki er nafn girðingar, oftast kennt við jörðina, sem girðingin er á. Annar dálkur greinir frá ártali því, er girðingin var reist. Sumar girðinganna hafa verið færðar út síðar, en ekki var kostur á að taka slíkt með. Þriðji dálkur greinir frá lengd girðingar í kílómetrum, og sá fjórði frá flatarmáli hvernig fyrir sig. Sums staðar eru mælingar ekki svo nákvæmar, að ekki geti skeið nokkru um flatarmálið. Þess skal líka gætt, að skóglendin innan girðinganna eru oft mörgum sinnum minni en flatarmálið. Mikið af eyddu landi, berum skriðum og örfoka svæðum, hefur verið tekið með til friðunar, þegar þess hefur verið kostur án óhóflegra útgjalda. Þessi lönd gróa upp, ýmist við sjálf-

græðslu eða á stundum með áburðargjöf og sáningu. Á allra síðustu árum hefur Alaskalúpínan verið notuð í þessum tilgangi og gefist vel.

Í fjórða dálki er svo greint flatarmál þess lands, sem trjáplöntur hafa verið gróðursettar í. Eru það nærri einvörðungu barrtré. Ekki er unnt að svo stöddu máli að gefa yfirlit um hlutfallið á milli einstakra tegunda, en í flestum tilfellum er gert kort af girðingunum, og á það eru markaðir plöntunarteigar hvers árs og greint frá tegund og kvæmi.

Girðingalengd Skógræktar ríkisins er nú 221,13 km, en flatarmál þeirra 26128,0 hektarar. Gróðursett hefur verið í 607,8 hektara.

Girðingalengd skógræktarfélaganna og einstaklinga, sem styrks hafa notið, er 324,20 km, en flatarmál alls ekki nema 5298,9 hektarar. Hins vegar hefur verið gróðursett í 1426,2 hektara í þessum girðingum.

Skógargirðingar þær, sem þessar skrár ná yfir, taka því alls yfir 31426,9 hektara lands og eru 515,33 km á lengd. Af þessu landi er aðeins gróðursett í 2033,0 hektara.

Þeim, sem kann að finnast þetta lítið landssvæði, má benda á, að plöntun hefst ekki að neinu marki fyrr en eftir 1956, eða fyrir 10 árum. Stórar samfelldar gróðursetningar eru einkum hjá Skógrækt ríkisins og svo í nokkrum girðingum hinna stærri skógræktarféлага. Smágirðingar skógræktarfélaganna eru oft fremur trjágarðar en skógarteigar, og má því ekki vænta hins sama af þeim og stærri gróðursetningunum. En smáreitirnir gefa mönnum góðar bendingar um, hvað þrífist geti í framtíðinni í þeim héruðum, sem þeir eru.

Í lokin fylgir yfirlit um afhendingu trjáplantna úr gróðrarstöðvum Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna árin 1946-1965 í þúsundum plantna.

Girðingar Skógræktar ríkisins

[illegible]

Ársmetala	1940	1941	1942	1943	Ársmetala	1944	1945	1946	1947
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110

Girðingar skógræktarféлага og einstaklinga

Girðingar eru framtíðar áfangar skógræktarinnar, sem veita hana langtíðar þjálfun og skógræktarfræðingum. Þar á meðal eru girðingar með skógræktarfræðingum.

Ársmetala	1940	1941	1942	1943	Ársmetala	1944	1945	1946	1947
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110
Landgræfingur	1947	7.10	210	110	Landgræfingur	1947	7.10	210	110

[illegible]

	Ár á átt.	Átt átt.	Enn átt.	Enn átt.		Ár á átt.	Átt átt.	Enn átt.	Enn átt.
Ísland-Borgun			10	15	Ísland-Borgun				
Ísland-Borgun	1910	0.10	1.6	1.2	Ísland-Borgun	1947	0.15	1.0	0.4
Norðurlandshöfn					Ísland-Borgun	1918	0.15	1.0	0.4
Höfnarinn	1910	1.10	3.4	3.4	Höfnarinn	1914	1.15	10.0	2.2
Kringlaði	1912	3.08	49.5	1.5	Höfnarinn	1917	0.15	3.0	2.3
Stundir	1918	0.15	3.0	1.2	Höfnarinn	1948	0.40	1.0	0.2
Stundir					Ísland-Borgun	1912	0.15	2.0	0.6
Stundir					Ísland-Borgun	1911	0.40	1.0	0.7
Stundir	1912	0.85	1.0	2.3	Stundir	1917	0.15	1.5	0.6
Kringlaði	1918	0.15	0.7	1.3	Kringlaði	1912	0.15	1.5	0.1
Stundir	1911	0.45	1.5	1.3	Stundir	1915	0.40	1.0	0.1
Stundir						ALL	1.15	23.1	7.1
Stundir	1914	0.47	1.5	1.5	Ísland-Borgun				
Stundir	1918	0.10	0.6	1.3	Ísland-Borgun	1917	0.15	0.5	0.5
Stundir	1916	0.18	2.6	1.6	Ísland-Borgun	1911	0.15	0.1	0.1
Stundir	1918	0.80	3.0	5.4	Ísland-Borgun	1911	0.15	0.5	0.4
Stundir	1918	2.10	11.0	11.9	Ísland-Borgun	1911	0.15	1.0	0.5
Stundir					Ísland-Borgun	1911	0.15	1.4	0.5
Stundir	1911	0.62	1.9	2.0	Ísland-Borgun	1915	0.15	1.0	1.6
	ALL	29.15	207.5	111.7	Ísland-Borgun	1915*	0.15	6.0	0.6
Ísland-Borgun					Ísland-Borgun	1917	0.15	1.1	0.9
Ísland-Borgun					Ísland-Borgun	1911	0.15	1.0	0.5
Ísland-Borgun	1915	0.11	1.1	1.1	Ísland-Borgun	1911	0.15	0.6	0.5
Ísland-Borgun	1914	0.13	1.2	1.2	Ísland-Borgun	1915	0.15	0.7	0.1
Ísland-Borgun	1916	0.20	1.8	1.8	Ísland-Borgun	1911	0.15	2.3	0.2
Ísland-Borgun	1915	0.14	0.4	1.2	Ísland-Borgun	1911	0.45	8.5	1.4
Ísland-Borgun	1912	0.12	1.5	1.2	Ísland-Borgun	1915	2.10	36.0	6.9
Ísland-Borgun	1911	0.15	0.5	1.1	Ísland-Borgun	1917	0.14	1.2	0.5
Ísland-Borgun	1912	0.08	0.2	1.2	Ísland-Borgun	1915	0.15	1.2	1.2
Ísland-Borgun	1917	0.15	1.5	1.5	Ísland-Borgun	1915	0.15	0.5	0.5
Ísland-Borgun	1912	0.15	1.6	1.1					
Ísland-Borgun	1917	0.15	1.5	1.2		ALL	10.15	19.2	15.8
Ísland-Borgun	1910	0.17	1.7	1.1	Ísland-Borgun				
Ísland-Borgun	1912	0.18	0.7	1.2	Ísland-Borgun	1911	0.15	1.0	0.5
Ísland-Borgun	1910	0.22	0.8	1.3	Ísland-Borgun	1918	0.15	1.0	0.1
Ísland-Borgun	1916	0.10	1.6	1.6	Ísland-Borgun	1918	0.45	1.0	0.4
Ísland-Borgun	1912	0.18	0.7	1.3	Ísland-Borgun	1917	0.15	1.0	0.2
Ísland-Borgun	1916	0.10	0.8	1.5	Ísland-Borgun	1918	0.45	1.0	0.2
Ísland-Borgun	1912	0.18	0.8	1.6	Ísland-Borgun	1911	0.15	1.0	0.2
Ísland-Borgun	1910	0.25	0.4	1.4	Ísland-Borgun	1917	0.40	1.0	0.6
Ísland-Borgun	1917*	0.10	1.0	1.4					
Ísland-Borgun	1910	0.20	1.0	1.8		ALL	2.40	5.1	2.4
Ísland-Borgun	1918	0.15	1.3	1.6	Ísland-Borgun				
Ísland-Borgun	1918	0.15	1.0	1.8	Ísland-Borgun	1918	1.15	13.0	13.8
Ísland-Borgun	1928*	2.00	10.0	1.7	Ísland-Borgun	1911	0.15	0.9	0.9
	ALL	6.47	31.9	11.7		ALL	2.11	19.1	15.1

	Ár	Stærð í kg	Stærð í hl	Stærð í hl
Lýðskrifstær				
Árnúpi	1902	0.45	1.2	1.5
Bjarg	1917	1.20	3.5	2.5
Þellur	1949	2.25	6.4	4.9
Grannsaði	1955	1.00	0	1.0
Grannsaði	1958*	1.00	0	1.0
Þellur	1964	0.60	1.8	1.8
Holandi	1960	1.54	4.8	3.8
Þellur	1957*	0.40	0	1.4
Landsala	1965	1.00	1.5	1.9
Stóðill, J. S.	1961*	1.65	10.1	6.1
Stóðill, M. S.	1974*	1.65	10.0	5.2
	Allt	1.22	45.4	26.5
Reykjavík				
Árni	1954	0.97	1.8	1.3
Árni	1959	0.57	1.5	0.5
Þellur	1948	0.40	1.4	1.4
Þellur	1955*	1.49	57.0	28.8
Hannur	1955	0.39	1.5	0.5
Höfði	1952	0.40	1.4	0.5
Kirkjuból		0.30	1.0	1.0
Landsala	1965	1.00	1.0	1.0
Landsala	1962	0.88	1.2	1.2
Þellur	1948*	0.39	1.5	0.5
Landsala	1953*	1.00	1.8	1.2
Alþjóðskólinn	1961*	1.00	1.0	1.0
Landsala	1964	1.46	1.4	1.4
Landsala	1962	0.87	1.8	0.8
Móðir	1959	0.52	1.0	0.5
Stafi	1968	1.00	18.0	1.1
Vallakot	1968	1.00	1.0	1.0
Yfir	1964	1.88	1.0	1.0
Öndfólgaði	1965	0.40	1.4	1.8
	Allt	1.71	149.1	72.6
Reykjavík				
Landsala	1952	0.25	0.5	1.4
Landsala	1961	0.25	0.5	1.5
Reykjavík	1961	0.25	0.5	1.1
Skógar	1967	0.60	1.5	0.1
	Allt	0.75	3.0	4.8
Árni				
Grannsaði	1952	1.00	1.0	1.8
Reykjavík				
Grannsaði	1952	0.25	1.0	0.5
Kirkjuból	1964	0.45	1.0	0.6
	Allt	1.01	3.0	1.5
Reykjavík				
Grannsaði	1952	1.02	8.7	0.7
Landsala	1961	0.45	1.5	0.4
Kirkjuból, J. T.	1955	0.55	1.5	0.2
Reykjavík	1961	0.15	1.1	0.3
Móðir	1955	0.45	1.0	0.4
Stóðill	1945	0.25	0.1	0.2
Reykjavík	1962	0.44	1.2	1.2
Stóðill	1951	0.40	1.6	0.9
Stóðill	1955	0.44	1.0	0.6
Tungu	1964	0.50	1.0	1.0
Véðisvöð	1955	0.45	0.8	0.3
Reykjavík	1961	0.16	0.4	0.1
	Allt	5.52	18.7	11.9
S. Þingeyjarsýsla				
S. Þingeyjarsýsla	1948	14.45	490.8	154.0
N. Þingeyjarsýsla				
Reykjavík	1955	0.40	1.0	0.1
Reykjavík	1945	0.45	1.0	1.0
Reykjavík	1955*	0.51	3.2	1.0
Landsala	1951	0.54	1.0	1.0
	Allt	3.37	5.2	6.1
Höfði				
Reykjavík	1951	1.15	7.0	1.5
Reykjavík	1952	0.71	5.0	1.8
Reykjavík	1952	0.82	6.6	4.4
Reykjavík	1955	0.20	0.5	0.5
Reykjavík	1957*	8.50	100.0	1.5
Reykjavík	1962	0.40	6.0	0.8
Reykjavík	1958	0.61	2.0	0.5
Reykjavík	1954	1.55	12.0	1.4

	Gætt ár	Langi Lauki [t]	Tættur [t]	Gættur [t]
Skólingar ...	1968	0.40	1.0	0.3
Alþingiskvæði				
Þingskiptingarskipti	1968	0.50	3.0	0.3
Höfnuklaustur ...	1965	0.75	1.0	1.5
Gefnagerði ...	1961	0.80	0.5	1.2
Gesirhúsið				
Haf ...	1962	1.00	3.0	1.6
Estkvið				
Erkistofnaðsfundur	1967	1.20	12.0	2.3
Fréttir ...	1961	1.07	3.5	2.2
Kelluhúsið	1967	0.40	1.0	2.1
Örnstjórnun ...	1968	0.80	3.0	2.3
Posturhúsið				
Haf ...	1968	1.20	1.2	1.5
Töfnun ...	1962	1.23	2.0	1.3
	Allt	22.80	112.7	26.0
Neðanþingið				
Neðanþingið ...	1969	1.05	15.5	15.1
	Allt	1.05	15.5	15.1
Seðilshúsið				
Seðilshúsið ...	1960	1.21	8.4	8.4
	Allt	1.21	8.4	8.4
A-Steinshúsið				
Steinshúsið				
Heggs ...	1954	0.54	0.4	0.2
Stærðhúsið ...	1961	0.25	2.5	1.4
Reynishúsið ...	1954	0.25	1.0	1.0
Skjalafell ...	1955	0.20	0.5	0.1
Reynishúsið				
Reynishúsið ...	1962	0.20	2.0	0.0
Reynishúsið ...	1958	0.15	1.0	1.0
Reynishúsið ...	1965	0.10	1.0	0.5
Reynishúsið				
Reynishúsið	1969	0.24	0.4	0.2
Reynishúsið ...	1961	0.20	0.5	0.5
Reynishúsið ...	1960	0.40	1.0	1.0
Reynishúsið ...	1961	0.50	1.5	1.5
Reynishúsið				
Reynishúsið	1966	0.25	0.5	0.5
B-Steinshúsið				
Steinshúsið				
Steinshúsið ...	1962	0.10	1.0	1.0
Steinshúsið ...	1962	0.40	1.0	1.0

	Ár	Ár í tala	Þar í tala	Í tala		Ár	Ár í tala	Þar í tala	Í tala
Gæðveggir og					Hafnarflötir				
Sifri-Sifri	1952	0.10	2.0	1.0	Gæðveggir	1947	7.50	95.0	16.0
Gæðveggir					Hafnarflötir	1957	8.70	90.0	11.0
Sifri-Sifri	1954	7.70	75.0	51.1	Udvaldið	1955	1.00	9.5	9.0
Udvaldið					—	11	1.20	90.0	15.0
Udvaldið	1948	1.50	5.0	1.0	10	1961	9.00	90.0	10.0
Hafnarflötir									
Hafnarflötir	1955	0.10	2.0	1.0		1962	12.70	177.5	51.1
Hafnarflötir	1955	0.25	0.4	0.8	Reykjavík				
Hafnarflötir					Reykjavík	1958			16.0
Hafnarflötir	1961	1.00	3.0	1.0	Hafnarflötir	1948	12.00	272.0	118.1
Sifri-Sifri					Reykjavík	1961	7.50	71.0	11.0
Sifri-Sifri	1961	0.10	1.0	1.0	Öflugur				15.0
Sifri-Sifri	1958	0.45	1.2	0.7					
Sifri-Sifri						1962	38.50	2791.0	156.0
Sifri-Sifri	1961			0.3	Kópavogur				
Sifri-Sifri					Kópavogur	1960	0.00	2.0	0.5
Sifri-Sifri	1962	0.40	1.0	0.2	Reykjavík	1960	0.00	1.5	1.0
Sifri-Sifri	1962	—	1.0	0.8	Reykjavík	1960	0.50	2.5	1.1
Sifri-Sifri	1962	—	1.0	0.4	Reykjavík				
Sifri-Sifri	1962	—	1.0	0.2	Reykjavík	1965	2.00	27.0	5.0
Sifri-Sifri	1962	—	1.0	0.2	Reykjavík				
Sifri-Sifri	1962	—	1.0	0.3	Reykjavík	1967	1.00	4.0	1.0
Sifri-Sifri	1967	—	1.0	0.2	Reykjavík				
Sifri-Sifri I	1969	—	0.0	0.2	Reykjavík	1964	0.80	1.0	0.2
Sifri-Sifri II	1962	—	1.0	0.6	Reykjavík	1966	0.50	1.0	0.7
Sifri-Sifri	1967	—	1.0	0.1	Reykjavík	1969	0.50	1.5	0.2
Sifri-Sifri	1969	—	1.0	0.2	Reykjavík	1969	1.00	2.5	1.0
Sifri-Sifri	1962	—	1.0	0.1					
Sifri-Sifri						1962	7.00	41.2	1.0
Sifri-Sifri	1962	0.80	2.5		Samt. fyrir allt land	124.50	5298.5	1428.2	
Sifri-Sifri	1956	0.50	1.0	0.1					
Sifri-Sifri	1947	0.00	2.0	0.0	Reykjavík				
					Reykjavík	1946	1.04	12.0	
	1962	0.10	1.0	0.1	Reykjavík	1947	1.57	6.17	
					Reykjavík	1948	1.88	12.55	
	1956	0.20	1.5	0.8	Reykjavík	1949	1.85	1.08	
	1957	2.10	10.0	4.1	Reykjavík	1950	1.57	1.142	
	1959	0.17	0.8	0.0	Reykjavík	1951	4.04	1.487	
	1960	1.18	10.0	1.5	Reykjavík	1952	1.85	1.481	
					Reykjavík	1953	4.85	1.110	
	1956		1.0	4.8	Reykjavík	1954	4.40	1.06	
	1954	0.10	1.5	1.2	Reykjavík	1955	5.52	1.00	
	Allt	3.45	70.3	14.8	Reykjavík 10 ár	1944	1.077.5		

Starf Skógræktar ríkisins 1965

FJÁRFRAMLÖG

Á þessu ári voru fjárveitingar til skógræktar hækkaðar allmikið, enda var nú í fyrsta sinni tekið tillit til starfsáætlunar þeirrar, sem samþykkt var af landbúnaðarráðuneytinu árið 1961. Tekjur af sölu merktra vindlinga urðu og nokkru meiri en árið áður, eða svipaðar og árið 1963.

Fjárveiting Alþingis var þessi:

a. Laun fastra starfsmanna	kr. 1.482.664,00
b. Skrifstofukostnaður	- 300.000,00
c. Til skógggræðslu	- 2.055.000,00
d. Til gróðrarstöðva	- 970.000,00
e. Til skjólbelta.....	- 100.000,00
f. Til skógggræðslu einstakl- inga	- 150.000,00
g. Til skógarvarðabústaða.....	- 100.000,00
h. Vextir og afb. skulda	- 396.000,00
i. Til tilrauna	- 310.000,00
j. Til skógræktarfélaganna	- 800.000,00
k. Til fjárfestingar	- 520.000,00

Alls kr. 7.183.664,00

Tekjum landgræðslusjóðs. sem alls námu kr.
3.184.906,20, var skipt á eftirfarandi hátt:

a. Lagt við höfuðstól sjóðsins kr. 347.002,50	
b. Til gróðrarstöðva skógræktarfélaganna:	
Skf. Reykjavíkur	- 400.000,00
Skf. Eyfirðinga	- 120.000,00
	kr. 520.000,00
c. Til Skógræktar ríkisins:	
Gróðrarstöðvar	kr. 1.500.000,00
Frækaup	- 400.000,00
Gróðursetning og tilraunir	- 417.903,70

kr. 2.317.903,70

Heimatekjur námu röskum 600 þús. kr., sem er nokkru minna en árið áður. Þegar allir tekjuliðir eru lagðir saman, en laun fastra starfsmanna og styrkur til skógræktarfélaganna eru ekki talin með, varð starfsfé og fé til fjárfestingar alls um kr. 7.800.000,00. Verkalaun munu hafa verið hátt á fimmtu milljón króna.

Við árslok stóðust tekjur og gjöld nokkurn veginn á, og er langt síðan svo hefur verið.

VEÐURFAR OG VÖXTUR

Vetur frá áramótum og fram í mars var fremur mildur og stilltur, en í mars kólnaði og veðurlag versnaði. Norðan lands og austan voraði seint, en í meðallagi syðra. Sumarið var kalt fyrir norðan og austan, en nálægt meðallagi syðra og vestra. Haustfrosta varð yfirleitt vart í ágústmánuði, en þau komu ekki að sýnilegri sök. Þó má vera, að endasprotar á ungum plöntum hafi ekki verið nægilega þroskaðir, þegar frostin komu. Úrkoma var langt undir meðallagi allan vaxtartímann um land allt. Á Hallormsstað nam hún aðeins 44% og á Vöglum og Akureyri var hún um 50-60% af meðalúrkomu. Á Tumastöðum mun hún hafa numið 75% af meðallagi.

Sakir hinna köldu sumra árin 1963 og 1964 mátti búast við litlum ársvexti, einkum hæðarvexti. Raunin varð þó allt önnur, því að hæðarvöxtur varð nærri meðallagi fyrir norðan og austan og í góðu meðallagi sunnan og vestan. Orsökina getur varla verið önnur en sú, að sumarhitinn hafi nýst betur en ella fyrir það, hve þurrt var.

Laufgun á birki og lauffall varð á þessa leið:

	Laufgun	Lauffall
Reykjavík (Bæjarst. birki) .	29/5	27/9
Stálpastaðir	30/5	4/10
Hreðavatn	31/5	22/9
Hreðavatn (Bæjarst. birki)	29/5	20/ 10
Laugabrekka	7/6	25/9

TABLE 2

Athenian plaster 1905

[illegible]

VEGAGERÐ

Lítið var um vegagerð á árinu. Í Haukadal voru settar brýr á þrjár ár og hlaðinn upp vegur að og frá þeim, alls um 1.4 km. Í Vagaskógi og Hallormsstaðaskógi voru ruddir nokkrir spottar með jarðýtum til þess að komast að nýjum grjósur- og plöntunarsvæðum.

BYGGINGAR

Á Vöglum var að mestu lokið við verkafólks-
bústaðinn, sem byrjað var að byggja árið áður. Þá var
aukið við þökkunarskýlið á sama stað. Aðstaðan á
Vöglum er því loksins að verða sæmileg.

Á Hallormsstað var verkafólksbústaðurinn lagfærður og endurbættur, og svefnskáli verkamanna er nú fullgerður. Þá voru keyptar frystikistur fyrir matarfélögin á báðum þessum stöðum. Verður því ekki annað sagt, en að aðbúnaður verkafólksins sé orðinn allgöður á báðum stöðum.

Viðhald var mikið og kostnaðarsamt á árinu, en dugði þó hvergi til, því að enn er eftir að bæta mjög húsin á Tumastöðum.

SKJÓLBELTIN

Hafist var handa um 3 ný skjólbelti, að Naustum í Eyjafirði, 300 metrar að lengd, Hlöðum í Eyjafirði, 160 metrar að lengd, og að Hálsi í Kjós, 400 metrar að lengd. Endurbætt voru skjólbelti í Gunnarsholti og á Víðivöllum í Fnjóskadal.

Illgresiseyðingu var hagað svipað og undanfarin ár, ýmist með garðtætara og úðun með eiturlegi eða með hvorutveggja. Þrif í skjólbeltum voru allgóð.

TILRAUNIR

Á Mógilsá voru bæði húsin fullgerð á árinu, og lagfært hefur verið í kringum þau. Hitavatnslögn frá lauginni í Kollafirði liggur að húsunum, og samkvæmt samningi fær Mógilsár-

stöðin allt að 1 sekúndulíttra vatns þaðan, og á það að nægja til að hita bæði húsin ásamt gróðurhúsi, er það verður reist. Í Löngubrekku var hafist handa um gróðursetningu og lítilsháttar var plantað og sáð af lúpínu í mela og skriður. Hafinn var undirbúningur að lítlum tilraunagróðurstöð. Landið ræst, tætt og herfað.

Fylgst var með tilraunum fyrri ára, og í Vaglaskógi var gerð ný áburðartilraun.

UMFERÐ UM SKÓGLENDIN

Í starfsskýrslunni í fyrra var þess getið, að þá hefði aldrei verið meiri straumur ferðamanna í skóglendin. Árið 1965 komu enn fleiri ferðamenn á þessa staði en nokkru sinni fyrr. Þrátt fyrir góðan vilja til að greiða götu þessa fólks, er mörgu ábótavant.

Þórsmörk er eini staðurinn, sem seldur hefur verið aðgangur að um verzlunarmannahelgina, og hefur inngangseyrir og kostnaður nokkurn veginn staðið í járnnum. Þegar félög hafa fengið leyfi til að halda skemmtanir í Vagla- og Hallormsstaðaskógi, hefur gjaldið, sem af þeim var tekið, rétt staðið undir kostnaði við hreinsun skógaranna á eftir.

Skógrækt ríkisins hefur ekki neitt fé handa á milli, sem ætlað er til þess að greiða götu ferðafólks. Hið litla, sem gert hefur verið, hefur verið tekið af því fé, sem annars hefði átt að fara til skógræktar.

Aðal útvistarsvæðin og tjaldstæðin eru að jafnaði hreinsuð tvisvar í viku og veitir ekki af, því fjöldi manns virðist sneiða hjá því að nota ruslatunnur, sem eru þó á hverju strái. Þá er og vandhæfi á að halda salernum nógu hreinum, en mörg hafa verið reist á síðustu árum. En mesti annmarkinn á tjaldstæðunum er þó skortur á vatnslögnum að þeim. Á Hallormsstað er auðvelt að bæta úr þessu með allangri vatnslögn, en í Vaglaskógi getur verið mikill vatnsskortur í þurrkom, og er varla unnt að bæta úr því, nema með mjög löngum leiðslum.

Umgengni manna um verslunarmannahelgina í Þórsmörk var hin besta til þessa, og með áframhaldandi samvinnu milli löggæslunnar og skógræktarinnar má koma þessum hátíðarhöldum í sæmilegt horf.

En þessi mál komast ekki í sæmilegt horf fyrr en sérstakar fjárveitingar verða veittar til að greiða götu ferðamanna á þessum stöðum.

TABLE 4. *Größensetzung Stegischer während 1983*[illegible]

Í því sambandi má geta þess, að víða um lönd er skógræktinni falið að sjá um að ferðafólki geti liðið vel á sérstökum stöðum. Því að þar eins og hér sækjast bæjarbúar eftir að komast út í skógana.

Loks skal þess getið, að á árinu voru gerð leiðbeiningarspjöld fyrir ferðafólk í nokkrum skóglendanna, og á Hallormsstað og Vöglum voru sett upp kort af skógunum, máluð á járnplötu og plasthúðuð, þannig að fólk getur áttað sig á, hvað helst er að sjá.

Ennfremur hefur verið gefinn út leiðarvísir um skóginn á Hallormsstað, sem ferðamenn geta fengið keyptan á staðnum. Þar eru ágæt kort og myndir, auk leiðarlýsinga fyrir göngufólk. Er þetta hinn prýðilegasti bæklingur, gerður af Snorra Sigurðssyni.

ÝMISLEGT

Eins og áður sendi Ludvig G. Braathen peningagjöf til skógræktar á Íslandi. Alls hefur hann þá gefið eitt hundrað þúsund norskra króna til Íslands. Reitur sá í Skorradal, sem plantað var í fyrir fyrstu gjafir hans, er nú kominn vel á legg. Með því að svæði það var takmarkað, sem þar stóð til boða, hefur verið tekinn nýr reitur í Haukadal, þar sem hefur verið plantað fyrir gjafir hans.

Í maí kom hingað einn af skógstjórunum bresku, Mr. Gunnar Godwin. Hann er yfirmaður skógræktarinnar í Yorkshire. Kom hann hingað í einkaerindum, til að heimsækja frændfólk sitt á Íslandi, en faðir hans var Íslend-

ingur, sem settist að í Englandi. Gunnar Godwin kom austur í Haukadal og ferðaðist nokkuð um á Suðurlandi með Einari G. E. Sæmundsen. Eftir komu þeirra H. A. Maxwells árið áður og Gunnars Godwins var skógræktarstjóra boðið að koma til Englands og Skotlands á vegum British Council og Forestry Commission, en sú ferð var ekki farin fyrri en á árinu 1966. Ennfremur kom hingað Mr. J. Parker, M.P., sem er formaður skógræktarnefndar verkamannaflokksins í þinginu. Hann fór hér víða um og lét vel af för sinni.

Auk þess komu ýmsir erlendir gestir að Hallormsstað, sumir með frægjafir, svo sem tveir fiskifræðingar frá Murmansk í Rússlandi.

Eftirlitsferðir og leiðbeiningarferðir skógræktarstjóra og skógarvarða voru með mesta móti, og margir fundir haldnir með skógræktarfélagum, ýmist með stjórnnum þeirra eða almennir fræðslufundir.

Að öllu samanlögðu var árið hagstætt fyrir skógræktina. Sumt hefði mátt fara betur og meira hefði þurft að vinna að endurbótum, en fjárhagurinn leyfði ekki meira.

Að endingu skal þess getið, að starfsskýrsla þessi er gerð eftir ársskýrslum skógarvarðanna og dagbókum á sama hátt og allar fyrri skýrslur. Skýrslur skógarvarðanna fyrir árið 1965 eru alls 106 vélritaðar blaðsíður. Þær eru ágætlega gerðar, og svo hefur verið allt frá fyrstu dögum skógræktar á Íslandi. Í þessum skýrslum er feikna mikinn fróðleik að finna um flest, sem að skógrækt lýtur frá upphafi vega.

Störf skógræktarfélaganna 1965

GIRÐINGAR

Settar voru upp fjórar nýjar girðingar á árinu, tvær norðanlands, ein austanlands, og bætt var við land Heiðmerkur. Endurnýjuð var girðing í Vesturbotni í Patreksfirði, sem Skógrækt ríkisins lét setja upp árið 1944. Var girðingin mjög úr sér gengin, enda ekki vandað til hennar í upphafi. Skógræktarfélag Vestur-Barðstrendinga hefur undanfarin ár gróðursett í Vesturbotni, og mun félagið framvegis annast gróðursetningu þar. Lokið var að fullu við tvær girðingar, á Saurum í Helgafellssveit og í Bolungarvík.

Sú villa slæddist inn í ársskýrslu í síðasta ársriti, að land það, sem Skógræktarfélag Bolungarvíkur hefur fengið til umráða, sé gefið af sveitarfélaginu þar. Land þetta er gefið af þeim hjónum Bernódusi Halldórssyni og Dómhildi Klemensdóttur, ásamt Halldóru G. Jónsdóttur. Bið ég velvirðingar á þessum mistökum.

Á s.l. ári voru girtir alls 3.615 m og land innan girðinga er um 230 ha að flatarmáli. Heildarkostnaður við uppsetningu þessara girðinga nam rösklega 160.000 króna, en auk þess lögðu sjálfbóðaliðar fram 68 dagsverk, sem meta má á kr. 20.400,00. Kostnaður á hvern kílómetra verður því tæpar 50.000,00 krónur, í vinnu og efni, en það er nokkuð hærri upphæð en gert var ráð fyrir í upphafi. Vaxandi kostnaður á efni og uppsetningu girðinga að undanförmu hefur orðið því valdandi, að flest félaganna hika við að ráðast í að girða stærri lönd. Þá hefur þessi mikli girðingarkostnaður orðið m. a. til þess, að viðhald á eldri girðingum er minna en skyldi. Á árinu 1965 vörðu félögin tæpum 210.000,00 kr. til lagfæringa og endurbóta. Mestur hluti þessa fjár fór til lagfæringa á girðingum í Heiðmörk og við Rauðavatn. en aðeins tæpur fjórði hluti til viðhalds á öðrum stöðum. Þar af unnu sjálfbóðaliðar 115 dagsverk. Að sjálfsögðu eru áráskipti að því, hve miklu fé þarf að kosta til lagfæringa á girðingum. Veltur sú fjárhæð aðallega á því, hvernig árferði er. Á s.l. vetri voru t. d. óvenjuleg snjóþyngslir um

norðanvert landið, og má því gera ráð fyrir miklu sliti á girðingum á þessu ári.

Athygli skal vakin á því, að eftirlit með hinum fjölmörgu og dreifðu girðingum félaganna er skilyrðislaus nauðsyn. Miklir fjármunir og fyrirhöfn geta farið forgörðum á skömmum tíma, ef ekki er að gáð. Fram til þessa hefur litlu verið kostað til eftirlits á girðingum, en nú er svo komið, að oft þarf að greiða einhverja þóknun fyrir vörslu.

GRÓÐURSETNING

Á árinu 1965 kom það í hlut skógræktarfélaganna að gróðursetja rösklega 490 þúsund plöntur, og er það nokkru minna magn en árið 1964. Orsakir til minni gróðursetningar má aðallega rekja til hækkaðs plöntuverðs, en vorið 1964 hækkaði verð plantna um 30%. Þá hefur skortur á vinnuafli lagst á sömu sveif. Áður fyrr gaf fólk í dreifbýlinu sér tíma til að liðsinna félögunum við gróðursetninguna, enda önnuðust sjálfbóðaliðar útplöntunina að mestu leyti. Nú fást fáir til þess að vinna að gróðursetningu án endurgjalds. Þannig gróðursettu sjálfbóðaliðar aðeins um þriðjung þess plöntumagns, sem gróðursett var af félögunum 1965.

Þá hefur aukin grisjun orðið til þess að draga úr gróðursetningunni. Þar sem grisja þarf skóg eða kjarr fyrir gróðursetningu, má gera ráð fyrir, að grisjunarkostnaður sé álíka mikill og útgjöld vegna gróðursetningarinnar.

Þetta þrennt ásamt vaxandi dýrtíð, hefur tafið fyrir aukinni útplöntun og hamlað eðlilegri starfsemi félaganna. Einkum er þetta áberandi hjá þeim félögum, sem hafa úr litlu að spila og þeim, sem fámenn eru.

Þrátt fyrir aukin útgjöld vegna gróðursetningar hafa félögin plantað um 53% þeirra plantna, sem afhentar voru úr gróðrarstöðvum Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna 1965. Hefur hlutdeild þeirra í útplöntun haldist næstum óbreytt að undanförmu, enda þótt þau hafi unnið mikið að öðrum störfum, svo sem plöntu-

Endbearbeitung: abgabemittel@igpm.rwth-aachen.de

[illegible]

uppeldi, grisjun, hirðingu plantna, vegagerð og fleira.

Þess skal getið, að félögin hafa undanfarin ár stefnt að því að beina gróðursetningunni á færri staði en áður, en með því sparast bæði fé og fyrirhöfn. Mörg félaganna hafa nú yfir stærri girðingum að ráða, og að undanfögnu hefur stjórn Skógræktarfélags Íslands veitt sínum félögum sérstakan styrk, oftast 10.000 kr., sem eingöngu var varið til gróðursetningar í samfelld stærri svæði.

Í sambandi við gróðursetninguna skal þess getið, að greitt var fyrir 1.363 dagsverk, en 739 dagsverk voru unnin af sjálfboðaliðum.

halda fyrstu árin eftir gróðursetningu. Fram að þessu hafa félögin unnið minna að áburðargjöf og illgresiseyðingu en skyldi, en nauðsynlegt er, að hvorttveggja fylgist að, gróðursetning og umhirða. Veltur á miklu, að félögunum takist þetta, því annars má búast við töluverðum afföllum. Enda þótt sum félöganna eigi mikið verk eftir óunnið við hirðingu, þá hafa mörg þeirra tekið rögg á sig að undanförunu. Til dæmis var dagsverkafjöldi eftirtalinna félaga við illgresiseyðingu og áburðargjöf þessi á s.l. ári: Skógræktarfélag Reykjavíkur 1.606 dagsv., Skógræktarfélag Eyfirðinga 135 dagsv., Skógræktarfélag Skagfirðinga 133 dagsv. og Skógræktarfélag Árnesinga 150 dagsv. Alls var dagsverkafjöldi félöganna við þessi störf 2.137 á árinu og þar af unnu sjálfbóðaliðar 127 dagsverk. Er þetta í fyrsta sinn, að unnið hafa verið fleiri dagsverk við umhirðu en gróðursetningu.

Alls voru unnin 194 dagsverk við grisjun á árinu, og voru þau heldur fleiri en árið áður.

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1966

GRISJUN OG HIRÐING PLANTNA

Frá árinu 1957 til þessa hafa skógræktarfélagin gróðursett að meðaltali 645.000 plöntur á ári. Á þessu tímabili hefur því bæst við allmikill fjöldi plantna, sem þarf á umhirðu að

Nokkuð skortir á, að félögin hafi getað annað þeirri grisjun, sem nauðsynleg hefur verið fyrir gróðursetningu.

VINNUFLOKKUR

Eins og að framan greinir, hefur skortur á vinnuafli og fé orðið til þess, að sum skógræktarfélaganna, einkum þau minni, hafa dregist aftur úr. Til að mæta þessum erfiðleikum, ákvað stjórn Skógræktarfélags Íslands á s.l. ári að hrinda í framkvæmd þeirri hugmynd, að félagið hefði vinnuflokk á vegum sínum, sem færi á milli félaganna til aðstoðar. Fór vinnuflokkur milli félaganna á Vesturlandi á s.l. sumri frá 9. ágúst til 7. september. Aðstoðaði hann félögin við grisjun og lagfæringar á girðingum. Unnið var á 9 stöðum víðs vegar um Vestfirði og nam kostnaður kr. 61.000,00, að undanskildum

aksturskostnaði. Hvarvetna kom greinilega í ljós, að þessi aðstoð var bæði nauðsynleg og þakksamlega þegin. Því má bæta hér við, að eflaust hefði margt af því, sem unnið var að í þessari ferð, dregist úr hömlu, hefði ekki verið ráðist í að veita félögunum þessa aðstoð.

Þrátt fyrir ýmsa byrjunarörðugleika, gafst þessi tilhögun svo vel, að nú er í ráði, að vinnuflokkur fari um Suðurland í sumar til aðstoðar félögunum þar. Er gert ráð fyrir, að flokkurinn vinni við margvísleg skógræktarstörf, aðallega við lagfæringar á girðingum, og er áætlað, að þau verk kosti um 200.000,00 kr. Hjá því verður ekki komist, að Skógræktarfélag Íslands taki á sig einhvern kostnað við rekstur slíks vinnuflokks. Að sjálfsögðu kosta félögin sjálf, að minnsta kosti þau efnaðri, mestan hluta framkvæmda, en sum félaganna eru svo fjárvana, að hlaupa verður undir bagga með þeim í bili.

Gróðursetning á einstökum svæðum 1965

Skógræktarfélag	Staður	Fjöldi plantna
Skógræktarfélag Árnesinga	Snæfoksstaðir í Grímsnesi	17.300
- A.-Húnvetninga	Gunnfríðarstaðir í Langadal	9.340
- Borgfirðinga	Svignaskarð, Borgarhreppi	21.225
- Eyfirðinga	Kjarnaskógur við Akureyri	26.224
- -	Kjarnaland við Akureyri	8.368
- -	Miðhálsstaðir, Öxnadal	33.700
- -	Vaðlaskógur við Akureyri	7.000
- Hafnarfjarðar	Hvaleyrarvatnsgirðing	9.300
- Heiðsynninga	Bjarnarfossgirðing	7.000
- Ísafjarðar	Tunguskógur	13.400
- Rangæinga	Seljalandsgirðing	3.200
- Reykjavíkur	Heiðmörk	137.920
- Öskjuhlíð	Öskjuhlíð	9.385
- Skagfirðinga	Hólar í Hjaltadal	12.000
- -	Brekka, Seyluhreppi	5.500
- Stykkishólms	Sauraskógur	4.600
- S.-Þingeyinga	Fossselsskógur	16.050
- -	Fellsskógur (Ystafell I)	6.300
- -	- (Ystafell II)	6.200
- -	Laugaból, Reykjadal	4.130
- -	Stafn, Reykjadal	3.000

Alls 361.142



Fjallafura í Öskjuhlíð, Reykjavík. Fjallafuran virðist vera sú erlenda trjátegundin, sem einna best þolir hina rysjóttu veðráttu suð- og suðvestan lands. Ljós m.: Sn. Sig.

ÖNNUR STÖRF

Þegar stærri svæði eru tekin til skógræktar, er nauðsynlegt að vegir liggi að þeim og um þau. Auðsætt er, að allur kostnaður við plöntun, umhirðu og eftirlit verður meiri, eftir því sem skógræktarsvæðin eru smærri og dreifðari. Félögin hafa því að undanfögnu lagt áherslu á að koma upp stærri girðingum. Þetta hefur að sjálf-söggðu aukið útgjöld við vegagerð og framræslu lands í sambandi við hana.

Þannig var haldið áfram vegalagningu hjá Skógræktarfélagi Austurlands að Eyjólfssstaðaskógi. Ruddur var um 1 km langur vegur frá Þjóðvegi og upp undir skóginn og gengið frá ræsum í veginum. Vegagerð var einnig haldið áfram í landi Skógræktarfélags Árnesinga að Snæfoksstöðum og borið var í veg að landi Skógræktarfélags Stykkishólms í Sauraskógi en rutt var fyrir þeim vegi á s.l. ári. Þá var nokkuð unnið að vegagerð í Fossselsskógi. Miklu fé er árlega varið til vegagerðar í Heiðmörk, á s.l. ári um 450.000,00, enda er umferð þar orðin geysimikil.

Nokkuð var unnið að framræslu lands með það fyrir augum að þurrka landið, svo að hægt sé að gróðursetja í það. Þannig er lokið við að ræsa fram land Skógræktarfélags Vestur-Ísfirðinga í Botni í Dýrafirði, en mestur hluti þess lands var of blautt til þess að hægt væri að gróðursetja í það.

Ástæða þykir til að benda á þátt skógræktarfélaganna á Akureyri og í Reykjavík í uppeldi trjáplöntna. Á árinu afgreiddu þessi félög 415 þúsund trjáplöntur, og er það um 47% af heildarframleiðslu gróðrarstöðva skógræktarinnar 1965. Félög í Reykjavík og Eyjafirði notuðu 246 þúsund plöntur til gróðursetningar heima fyrir, en hinar voru seldar ýmsum aðilum skógræktarfélaganna og einstaklingum. Þannig afgreiddi gróðrarstöðin í Reykjavík nær því allar plöntur, sem gróðursettar voru af félögunum á Vestfirðum þetta ár. Útgjöld vegna plöntuuppeldisins hafa aukist allverulega að undanfögnu, bæði sakir hækkunar kaupgjalds og á efni. Því varð ekki lengur hjá því komist að hækka verð á plöntum á þessu ári, og er sú hækkun mest á garðplöntum.

LEIÐBEININGAR, FRÆÐSLA OG KYNNING

Leiðbeiningarstarfsemin var á árinu með sama sniði og að undanfögnu. Erindreki félagsins heimsótti sum félaganna. Meðal annars fór hann ásamt skógræktarstjóra um Vestfirði, þar sem flest skógræktarsvæðin voru skoðuð. Alls var leiðbeint um störf í 42 skógræktargirðingum hjá 10 félögum á árinu. Þá voru mældar upp nokkrar helstu girðingar í Borgarfirði, sem á að kortleggja.

Eins og fyrr leiðbeindu skógarverðirnir félögunum eftir því sem tími þeirra leyfði.

Erindreki félagsins sótti fundi hjá félögunum, eftir því sem við varð komið, suma ásamt skógræktarstjóra. Auk þess var veitt fræðsla um skógrækt í nokkrum framhaldsskólum.

Síðla árs 1964 hélt stjórn Skógræktarfélags Íslands fund að Hvolsvelli í Rangárvallasýslu með stjórnum skógræktarfélaganna á Suðurlandi. Áður hafði verið rætt um að halda fundi með félagsstjórnnum í hinum ýmsu landsfjórðungum, þar sem rædd væru skógræktarmál. Á S.l. ári var haldinn fundur á Akureyri með stjórnum félaganna á Norðurlandi.

Þessir fundir hafa verið hinir ánægjulegustu. og var það álit þeirra, sem þá sátu, að þeir hefðu mikla þýðingu fyrir samstarf stjórnar Skógræktarfélags Íslands og stjórna héraðsskógræktarfélaganna. Þá ykju þeir einnig á kynni milli félaganna. Er í ráði að halda innan skamms fundi með félögunum á Suðvesturlandi og Austurlandi.

Á s.l. vori efndi Skógræktarfélag Íslands til kynningarsýningar í Reykjavík. Var hér um gluggasýningu að ræða, þar sem sýndir voru lerkibólir frá Hallormsstað og litskuggamyndir af skógræktarstarfinu. Sýningin, sem var hin smekklegasta, var sett upp af þeim arkitektunum Skarphéðni Jóhannssyni og Guðmundi Kr. Guðmundssyni. Þessi kynning tókst svo vel, að ástæða þótti að senda sýninguna til félaga utan Reykjavíkur. Síðan hefur hún verið sett upp á Akureyri, Húsavík og Hafnarfirði. Er í ráði að senda hana til fleiri staða.

Ársrit félagsins var á þessu ári með svipuðu sniði og 1964, og útgáfukostnaður þess reyndist álíka mikill, en þá hækkaði hann verulega, aðallega sakir aukins prentunarkostnaðar. Hér á móti kemur að nokkru það fé, sem næst inn fyrir auglýsingar, en það var með mesta móti s.l. ár. Vil ég hér með þakka öllum þeim aðilum, sem á þennan hátt hafa stutt útgáfu ársritsins og þá sérstaklega þeim, sem hafa lagt á sig erfiði við að safna auglýsingum í það. En þessi stuðningur hefur orðið til þess, að kleift er að stilla verði ritsins í hóf.

FJÁRHAGUR FÉLAGANNA

Hér að framan hefur verið getið helstu starfa skógræktarfélaganna árið 1965. Hér á eftir verð-

RÍKISSTYRKUR TIL SKÓGRÆKTARFÉLAGA 1965.

Skógræktarfélag. A.-Húnavatnssýslu kr. 40.000,00

-	A.-Skaftafellssýslu -	8.000,00
-	Austurlands. . . .	- 28.000,00
-	Árnesinga.	- 46.000,00
-	Borgfirðinga	- 45.000,00
-	Bolungarvíkur ..	- 25.000,00
-	Björk	- 3.000,00
-	Dalasýslu	- 5.000,00
-	Eyfirðinga	- 73.000,00
-	Eyrarsveitar	- 3.000,00
-	Hafnarfjarðar	- 29.000,00
-	Heiðsynninga	- 17.000,00
-	Ísafjarðar.	- 52.000,00
-	Kjósarsýslu. . . .	- 9.000,00
-	Mýrdælinga. . . .	- 4.000,00
-	Mörk.	- 2.000,00
-	Neskaupstaðar..	- 5.000,00
-	N.-Þingeyinga..	- 3.000,00
-	Rangæinga. . . .	- 30.000,00
-	Reykjavíkur. . . .	- 50.000,00
-	Seyðisfjarðar	- 5.000,00
-	Siglufjarðar. . . .	- 5.000,00
-	Skagafjarðar	- 55.000,00
-	Strandasýslu. . . .	- 3.000,00
-	Stykkishólms	- 30.000,00
-	S.-Þingeyinga. . .	- 52.000,00
-	Suðurnesja. . . .	- 5.000,00
-	V.-Barðstrendinga -	12.000,00
-	V.-Ísfirðinga	- 6.000,00
-	Íslands	- 150.000,00

Kr. 800.000,00

ur í stórum dráttum drepíð á fjárhag þeirra, tekjur og útgjöld á s.l. starfsári.

Helstu tekjur félaganna á árinu voru þessar:

Styrkur hins opinbera nam kr. 800.000,00 og hækkaði um kr. 200.000,00 frá árinu áður. Styrkur sýslufélaga var kr. 148.000,00 og hækkaði hann um kr. 8.000,00. Hæstu styrkina veita Skagafjarðarsýsla, kr. 35.000,00, og Austur- Húnavatnssýsla, kr. 25.000,00. Sveitarfélagastyrkir námu á árinu kr. 2.324.000,00, en í þeirri upphæð er talið framlag Reykjavíkurborgar til starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur við plöntuuppeldi og starfsins í Heiðmörk. Landgræðslusjóður styrkti félögin í Eyjafirði og í

Reykjavík vegna plöntuuppeldis þeirra með kr. 550.000,00.

Af einstökum kaupstöðum lætur Ísafjarðarkaupstaður mest af hendi rakna til skógræktar, en á síðasta ári lætur nærri, að sveitarfélagið þar hafi varið tæpum 200.000,00 kr. til skóggæðslunnar í Tungudal og til að launa mann til að veita skógræktinni þar forystu.

Aðrir styrkir frá fyrirtækjum o. fl. námu alls kr. 166.000,00.

Sum félögin héldu skemmtisamkomur til fjáröflunar og gáfu þær misjafnlega mikið af sér. Til dæmis var nettóhagnaður kr. 144.000,00 af skemmtun í Atlavík, sem Skógræktarfélag Austurlands var aðili að.

Aðrar tekjur félaganna eru m. a. sala á trjáplöntum, árgjöld o. fl.

Þá má telja til tekna þá vinnu, sem sjálfbóðaliðar lögðu fram á árinu, en þeir unnu alls 1.171 dagsverk við ýmis störf, á móti 13.132 dagsverkum, sem félögin greiddu.

Helstu útgjöld félaganna voru þessi:

Plöntukaup kr. 816.000,00. Vinna við gróðursetningu kr. 345.000,00. Hirðing plantna, áburðargjöf og illgresiseyðing kr. 413.000,00. Grisjun kr. 17.000,00. Nýjar girðingar, efni og uppsetning kr. 160.000,00. Viðhald girðinga, efni og vinna kr. 210.000,00. Annar skóglendiskostnað-

ur, vegagerð, framræsla, flutningskostnaður og fleira, alls kr. 756.000,00. Félagskostnaður kr. 366.000,00.

Hér er ekki talinn kostnaður við rekstur gróðrarstöðvanna á Akureyri og í Reykjavík. Þá er einnig ótalinn ýmis kostnaður í sambandi við starfsemi Skógræktarfélags Íslands vegna leiðbeininga o. fl.

Á árinu greiddu félögin kr. 551.000 í afborganir og vexti af lánum. Aðallega eru þetta skuldir vegna efnis- og plöntukaupa, en drjúgur skildingur fer í að greiða af lánum, sem félögin hafa tekið vegna stærri framkvæmda.

Þegar litið er á fjárhag hinna ýmsu skógræktarféлага, þá kemur í ljós, að hjá flestum þeirra ná ekki endar saman, hvað snertir tekjur og gjöld. Flest þeirra safna skuldum, sérstaklega hin fámennari, og mikið hefur gengið á sjóði þeirra féлага, sem mega sín meira.

Þótt styrkur hins opinbera hafi lítið hækkað í hlutfalli við vaxandi dýrtíð og nemi nú ekki nema 1/6 hluta af útgjöldum félaganna, þá hefur hann ávallt verið þeim ómetanleg hvatning og lyftistöng. Í honum felst viðurkenning, sem félögin kunna að meta. Veltur því á miklu, að styrkir hins opinbera til félaganna rýrni ekki með vaxandi dýrtíð og fjárförf, heldur aukist í hlutfalli við starfsemi þeirra á næstu árum.



hvert sem þér farið ferðatrygging

ALMENNAR TRYGGINGAR



POSTHUSSTRATI 3
SÍMI 17701

Aðalfundur Skógræktar- félags Íslands 1965

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi dagana 27.- 29. ágúst 1965. Þetta var 29. aðalfundur félagsins.

Formaður félagsins, Hákon Guðmundsson, setti fundinn og tilnefndi sem fundarritara þá Jóhann Þorvaldsson og Jón Birgi Jónsson.

Dagskrá fundarins var þessi:

Föstudagur 27. ágúst.

Kl. 10.00 Fundur settur. Formaður félagsins, Hákon Guðmundsson, ávarpar fundarmenn.

Yfirlit um skógræktarmál: Hákon Bjarnason.

Skýrsla erindreka: Snorri Sigurðsson.

Reikningar lagðir fram.

Kosið í nefndir og lagðar fram tillögur.

- 12.30 Hádegisverður.

- 14.00 Ferð í Vatnsdal.

- 19.30 Kvöldverður.

- 21.30 Kvöldkaffi.

Laugardagur 28. ágúst.

Kl. 8.30 Morgunverður.

- 9.30 Erindi: Dr. Bjarni Helgason.

- 10.15 Hákon Bjarnason skýrir frá ferð til Vestfjarða.

- 11.00 Umræður og afgreiðsla tillagna.

- 12.00 Hádegisverður.

- 13.00 Framhald fundar.

- 15.30 Kaffihlé.

- 19.00 Kvöldverður.

- 20.30 Kvöldvaka.

Sunnudagur 29. ágúst.

Kl. 8.30 Morgunverður.

- 9.30 Stjórnarkosning.
Fundarslit.

- 12.00 Hádegisverður.

Fulltrúar, er sátu fundinn:

Skf. Austurlands: Ármann Halldórsson, Sveinn Einarsson, Oddný Metúsalemsdóttir, Sigurður Blöndal.

— A.-Húnavetninga: Jón Ísberg, Þormóður Sigurgeirsson.

— Árnesinga: Garðar Jónsson, Þórmundur Guðmundsson, Helgi Kjartansson.

— A.-Skaftfellinga: Þorsteinn Guðmundsson.

— Borgfirðinga: Daníel Kristjánsson, Jón Guðmundsson, Benedikt Guðlaugsson.

— Bolungarvíkur: Bernódus Halldórsson.

— Dalasýslu: Magnús Rögnvaldsson, Skjöldur Stefánsson.

— Eyfirðinga: Ármann Dalmannsson. Guðmundur Karl Pétursson, Steindór Steindórsson, Þorsteinn Davíðsson.

— Hafnarfjarðar: Ólafur Vilhjálmsson, Guðmundur Þórarinnsson.

— Heiðsynninga: Þórður Gíslason, Stefán Jónsson.

— Ísafjarðar: M. Simson, Samúel Jónsson.

— Kjósarsýslu: Ólafur Á. Ólafsson.

— Mýrdælinga: Matthildur Gottsveinsdóttir.

— Rangæinga: Indriði Indriðason.

— Reykjavíkur: Aðalheiður Þorkelsdóttir, Guðbrandur Magnússon, Guðmundur Marteinnsson, Ingólfur Davíðsson, Jón Birgir Jónsson, Lárus Blöndal, Sveinbjörn Jónsson, Vilhjálmur Sigtryggsson, Jón Pálsson, Jón Benjamínsson.

— Siglufjarðar: Jóhann Þorvaldsson, Gunnar Jóhannsson.

— Skagfirðinga: Sigurður Jónasson, Haukur Hafstað.

— Suðurnesja: Guðleifur Sigurjónsson.

— S.-Þingeyinga: Tryggvi Sigtryggsson, Glúmur Hólmgeirsson.

— V.-Ísfirðinga: Helgi Guðmundsson.

— Íslands: Hákon Guðmundsson, Hákon Bjarnason, Haukur Jörundarson, Sigurður Bjarnason, Oddur Andrésson, Einar G. E. Sæmundsen, Snorri Sigurðsson.

Gestir Skógræktarfélags Íslands:

Sr. Eiríkur Eiríksson, dr. Bjarni Helgason, Steingrímur Davíðsson, frú Helga Jónsdóttir, Jón Eyþórsson, Haukur Ragnarsson, frú Hulda Stefánsdóttir.

Föstudagur 27. ágúst.

Í upphafi fundar bauð formaður fundarmenn velkomna og þá sérstaklega gesti félagsins.

Þá minntist hann þeirra félagsmanna, sem látist höfðu á árinu, en þeir eru: Kristján Jakobsson, Reykjavík, Árni Hallgrímsson, Vogum, Sveinbjörn Oddsson, Akranesi, Sumarliði Halldórsson, fyrrv. skógarvörður, Vöglum. Fundarmenn heiðruðu minningu þessara mætu skógræktarmanna með því að rísa úr sætum.

Hákon Guðmundsson ræddi síðan ýmis sjónarmið, er fram hefðu komið á vettvangi skógræktarmála á s.l. ári.

Skaðaveðrið 1963, sem orkað hefði slævandi á margan skógræktarmanninn. virtist ekki hafa haft langvarandi áhrif, því að áhuginn hefði vaknað á ný og dýrmæt reynsla fengist.

Hann benti á, að vel væri til þess fallið, að þeir, sem flust hefðu úr sveitum landsins til þéttbýlisins, létu fé af hendi rakna til uppbyggingar og eflingar á skógrækt í heimahéruðum sínum.

Þá taldi hann, að tími væri til kominn, að fenginni 60 ára reynslu í skógrækt, að bændur tækju upp skógrækt sem beinan lið í búskap. Óskaði formaður eftir umsögn fundarmanna um fyrrgreind attriði.

Hákon Bjarnason skógræktarstjóri gaf því næst yfirlit um störf skógræktarinnar á s.l. ári.

Hann kvað uppeldi trjáplantna ganga að óskum og væri það að komast í sama horf og fyrir vorhretið 1963. Því væru möguleikar á að geta gróðursett 1.5 millj. plantna á næsta ári. Gæði plantna úr gróðrarstöðvum væru misjöfn og flutningur plantna frá þeim ekki sem skyldi. En afföll á plöntum orsakaðist aðallega af óvandaðri gróðursetningu. Því yrði að vanda gróðursetninguna meir en verið hefði.

Að lokum ræddi Hákon um afgreiðslu tillagna frá aðalfundi 1964 og þau skógræktarmál, sem afgreidd voru á síðasta alþingi. Þakkaði hann Oddi Andréssyni sérstaklega stuðning hans að tillögu um skjólbeltarækt.

Snorri Sigurðsson flutti skýrslu um störf félaganna á árinu 1964.

Girðingaframkvæmdir hefðu verið álíka miklar og að undanfögnu. Alls hefðu verið girtir um 100 ha lands og kostnaður við þetta hefði numið um 530 þús. króna, enda hefði kostnaður við nýjar girðingar aukist mjög að undanfögnu. Þá

hefðu félögin varið 50 þús. kr. til viðhalds á eldri girðingum.

Á vegum félaganna voru gróðursettar um 530 þús. plöntur á árinu og væri það um 20 þús. plöntum minna en árið áður. Orsakir til þessa samdráttar væru: Hörgull á heppilegum trjátegundum til gróðursetningar á Suður- og Suðvesturlandi og hækkað verð á skógarplöntum.

Þá ræddi Snorri um gróðursetningu hinna ýmsu tegunda og um leiðir til þess að mæta auknum kostnaði við plöntun. Hann benti á, hve erfiðlega hefði gengið að fá sjálfboðaliða til að starfa og að á þessu ári yrði gerð tilraun til að veita þeim félögum aðstoð, sem ekki fengju fólk til starfa.

Því næst gat hann um tilhögun og árangur af skiptiferð norskra og íslenskra skógræktarmanna, sem farin var á s.l. sumri, en um 70 manns tóku þátt í henni frá hvoru landi.

Að lokum gat Snorri þess, að hann hefði heimsótt 14 félög á s.l. ári og leiðbeint um störf í 42 girðingum.

Gjaldkeri félagsins, Einar G. E. Sæmundsen, las því næst upp reikninga félagsins og reikninga Landgræðslusjóðs, og voru þeir samþykktir samhljóða.

Því næst var kosið í nefndir, en að því loknu lagði formaður fram tillögur félagsstjórnar og Einar G. E. Sæmundsen skýrði frá tillögu, sem fundinum barst frá Skógræktarfélagi Austurlands.

Að loknum hádegisverði var farin ferð í Vatnsdal. Fyrst var komið við á Þingeyrum, þar sem kirkjan var skoðuð undir leiðsögn Jóns Pálmasonar bónda þar. Frá Þingeyrum var haldið inn í Vatnsdal og fyrst komið við á Flóðvangi, en þar voru þegnar rausnarlegar veitingar í boði Skógræktarfélags A.-Húnavetninga. Formaður þess, Jón Ísberg sýslumaður, bauð gesti velkomna og Hákon Guðmundsson þakkaði fyrir hönd fundarmanna. Frá Flóðvangi var haldið að Haukagili og skoðaður þar birkireitur, sem vaxinn er upp af sáningu frá 1927. Á heimleið var einnig skoðaður heimilisreitunn að Hofi.

Laugardagur 28. ágúst.

Laugardag hófst fundur samkvæmt dagskrá með erindi dr. Bjarna Helgasonar, sem fjallaði um jarðveg og jarðvegsmyndun. Var erindi hans bæði fróðlegt og skemmtilegt

Hákon Bjarnason skógræktarstjóri skýrði því

næst frá ferð sinni um Vestfirði s.l, sumar og sýndi myndir af skógargróðri þar vestra. Hann taldi, að árangur sá, er náðst hefði af 25 ára starfi þar, sýndi, að barrskóg væri unnt að rækta víða á Vestfjörðum með góðum árangri.

